

Súð í sandinn

www.land.is



LANDGRÆÐSLA Á ÍSLANDI Í 100 ÁR



Eyðimerkurmyndun ógnar tilveru jarðarbúa, segir Andrés Arnalds fagmálastjóri Landgræðslunnar

Landhnignun hefur víðtæk áhrif

Með tilliti til lofslagsvanda jarðar eru hin hnattræna mynd af fólksfjölgun, ástandi jarðar og fæðuframléiðslu ekki uppörvandi. Eyðimerkurmyndun hefur áhrif á fjórðung alls lands í heiminum og ógnar tilveru meira en eins milljarðs jarðarbúa. Önnur landhnignun er geigvænleg. Þetta er mat Andrésar Arnalds, fagmálastjóra Landgræðslunnar sem segir upplýsingar um ástand jarðar þó ekki nákvæmar og oft komist vísindamenn að gjörólíkum niðurstöðum.

„Upplýsingar um jarðargæði eru ekki nákvæmar og ber oft mikið á milli,“ segir Andrés. „Hópur vísindamanna, meðal annars evrópskra, telur að jörðin sé í heild að grænka. Vissulega á það við um ýmis svæði, svo sem Evrópu, að meðtöldu Íslandi. Landhnignun og hástig hennar – myndun eyðimarka – má hiklaust kalla hina þöglu kreppu jarðar. Margir fullyrða að afleiðingarnar muni fyrr bitna á mannkyni en til dæmis hlýnun jarðar vegna gróðurhúsaáhrifa sem mest er talað um. Ástandið er vitaskuld misjafnt frá einu landi til annars en almennt má segja að hratt gangi á gróður- og jarðvegsauðlindir jarðar.“

Undirstaða vistkerfa heimsins

Viða gengur hratt á jarðvegsforða sem er mikilvæg auðlind, því án jarðvegs væri jörðin óbyggileg, aðeins klappir, hraun eða nakin urð. Lífræni hluti jarðvegsins er undirstaða vistkerfa heimsins og fæðu fyrir en meira en 95% mannkyns. Árið 1980 voru jarðarbúar 4,4 milljarðar og um svip-

að leyti spáði Matvæla og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, því að mannfjöldinn yrði um 6,2 milljarðar árið 2000.

„Sú spá stóðst nákvæmlega en hún táknaði þörf fyrir 50% meiri matvæli. Nú er því spáð að mannkyni fjölgi um þrjá milljarða til viðbótar á næstu 30 til 50 árum. Þetta táknar að á þessu tímabili þarf að framleiða matvæli er nemur samanlagðri neyslu jarðarbúa síðustu tíu þúsund árin,“ segir Andrés, sem telur rétt að menn velti fyrir sér hvort slík framleiðsluaukning sé alltént möguleg.

Milljónir eru umhverfisflóttamenn

„Þetta gerist á sama tíma og ætla má að land á stærð við Ísland verði gróðurvana á hverju einasta ári. Hver íbúi jarðar hafði árið 1990 til umráða um þriðjung úr hektara af landi sem hentar til akuryrkju. Ef eyðing jarðvegs og fólksfjölgun helst óbreytt verður það komið niður í 0,13 hektara árið 2050. Landhnignunin hefur víðtæk áhrif. Hún ógnar afkomu meira en milljarðs jarðarbúa. Fólk flosnar upp þegar hungrið sverfur að og tugir milljóna eru í raun og veru umhverfisflóttamenn.“

Andrés segir að á síðustu árum hafi þjóðir heims mjög eftir baráttu sína gegn þeim ógnarvaldi sem jarðvegs- og gróðureyðing sé. Í því sambandi megi nefna samning Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn myndun eyðimarka sem vel á annað hundrað þjóðir eiga aðild að og starfa samkvæmt.



„Landhnignun og hástig hennar – myndun eyðimarka – má hiklaust kalla hina þöglu kreppu jarðar,“ segir Andrés Arnalds.

„Við höfum aflað okkur mikillar þekkingar og reynslu í langri baráttu við jarðvegseyðingaröflin, en ekki síður í endurreisn landkosta.“

„Við Íslendingar stöndum okkur sem betur fer mjög vel í endurreisn landkosta, enda er landið frjósamt. Það er raunar forsenda þess að við getum tryggt okkar eigið matvælaöryggi til framtíðar,“ segir Andrés.

Höfum aflað okkur mikillar þekkingar

Órlagasaga gróðurs og jarðvegs hér á landi er að mörgu leyti svipuð því sem gerst hefur erlendis síðustu 150 árin, en þó mest síðustu áratugi. „Við höfum glatað um 95% af skóglendi okkar á síðustu 1100 árum og í kjölfarið fylgdi geigvænleg jarðvegseyðing sem hefur rústað stórum hluta af vistkerfum okkar,“ segir Andrés og bendir á að löndin í Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku hafi að meðaltali glatað um 46% af skóglendi sínu á síðustu fimmtíu árum. Afleiðingarnar eru allt of víða þær sömu; alvarleg eyðing gróðurs og jarðvegs.

„Erlendir sérfræðingar á sviði jarðvegsverndarmála verða yfirleitt furðu losnir yfir hinni miklu jarðvegs-eyðingu hér á landi en telja sig geta mikið lært af okkar vísindamönnum á þessu sviði. Dást einnig að þeim miklu sigrum sem unnist hafa í stöðvun jarðvegseyðingar og endurreisn landkosta á þeirri öld sem liðin er frá því landgræðslustarf hér á landi hófst,“ segir Andrés sem telur að á alþjóðavísu hafi Íslendingar mikið fram að færa í þessum málum

„Við höfum aflað okkur mikillar þekkingar og reynslu í langri baráttu við jarðvegseyðingaröflin en ekki síður í endurreisn landkosta með landgræðslu og skógrækt. Það er því mikið ánægjuefni að nú hefur utanríkisráðuneytið falið Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands að veita fræðslu og þjálfun á þessu sviði hér á landi sem hluta af aðstoð Íslendinga við þróunarlöndin.“



Eyðimörk í Namibíu. Eyðimerkurmyndun hefur áhrif á fjórðung alls lands í heiminum og ógnar tilveru meira en eins milljarðs jarðarbúa.

Ljósmynd: Stefán Jón Hafstein.

Sáð í sandinn

Útgefandi:
Athygli ehf. í samvinnu við
Landgræðslu ríkisins
Auglýsingar og umbrot: Athygli ehf.
Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins
Dreift með Morgunblaðinu 14. júní 2007



Gott til endurvinnslu



GÖNGUM HREINT TIL VERKS!



Stór hluti af okkar framleiðslu prentast á umhverfismerkthan pappír eða viðurkenndan pappír af **umhverfismerkinu Svaninum**.

Svansmerktur pappír / viðurkenndur pappír uppfyllir ströng skilyrði sem pappírsframleiðendur þurfa að uppfylla. Krafan er að minnst 15% trefjanna komi frá skógum sem hafa vottun um sjálfbæra nýtingu eða 50% hráefnis sé endurnýttur.

Við hjá **GuðjónÓ – vistvænni prentsmiðju** höfum ákveðna stefnu varðandi nýtingu á pappír og náðst hefur góður árangur með að auka nýtingarhlutfall pappírs við prentun, í afskurði og frágangi.

Mikilvægt er að öll flokkun pappírs sé mjög nákvæm. Þess vegna skilum við frá okkur góðum hvítum gæðapappír sem nýtist aftur til pappírsframleiðslu og lituðum pappír sem nýtist til endurvinnslu í grófari pappírsafurðir.



Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Til hamingju með afmælið

Aldarstarf í þágu þjóðar

Á 100 ára afmæli Landgræðslunnar sendum við starfsfólki fyrirtækisins baráttukveðjur með von um áframhaldandi gott samstarf.

Áburðaverksmiðjan sendir árnaðaróskir til Landgræðslunnar í tilefni stórafmælisins.

Starfsfólk Landgræðslunnar hefur unnið þrotlaust starf gegn uppblæstri og landeyðingu.

Við hjá Áburðarverksmiðjunni erum stolt af því að hafa tekið þátt í þessu árangursríka starfi.



Áburðarverksmiðjan

Korngörðum 12 - 104 Reykjavík - Sími 580 3200 - Fax 580 3209 - www.aburdur.is

Hólasandur í Suður-Þingeyjarsýslu grær að nýju:

Ótrúlegur árangur

Óhætt er að fullyrða að verulega góður árangur hafi orðið af uppgræðslu Hólasands í Suður-Þingeyjarsýslu á umliðnum árum. Hólasandur, sem er að mestu sendinn melur, tæplega 13 þúsund hektarar, norðvestur af Mývatni og liggur í 3-400 metra hæð yfir sjó. Hólasandur markast af Sandvatni að sunnan og gróðurlendi vestan Þeistareykja að norðan. Vitað er að við landnám var Hólasandur skógi vaxinn, en samkvæmt öskulagarannsóknnum hófst landeyðing á svæðinu á síðustu öldum.

Frá 1960 hefur Landgræðslan unnið að því að stöðva jarðvegseyðingu á Hólasandi, en markviss uppgræðsla hófst árið 1994 að frumkvæði Húsgulls á Húsavík, grasrótarsamtaka áhugafólks, sem voru stofnuð árið 1988, um gróðurvernd, umhverfi, landgræðslu og landvernd, með myndarlegu fjárframlagi Hagkaups og síðan Umhverfissjóðs verslunarinnar. Frá 1996 til 2006 hefur Pokasjóður verslunarinnar lagt uppgræðsluverkefninu á Hólasandi til tugi milljóna króna.

Að skapa sjálfbæra gróðurþekju

Frá árinu 1994 hefur alaskalúpínu verið sáð árlega í 210 til 400 hektara á Hólasandi. Þá hefur grasfræi verið sáð í rofabörð á jaðri sandsins og árlega hafa 20.000-120.000 trjáplöntur verið gróðursettar, aðallega birki og lerki – sömuleiðis víðistiklingar og lúpínuplöntur. Markmiðið



Hátíð á Hólasandi. Fremst á myndinni eru Snæfríður Gunnlaugsdóttir, fulltrúi sýslumanns á Húsavík. Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu og Björn Sigurbjörnsson, áður ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneyti. Myndin er tekin árið 1997.



Þessi mynd var tekin haustið 2004 á Hólasandi. Birkið hefur skotið vel rótum. Mynd: Andrés Arnalds.



Pokasjóður hefur styrkt uppgræðslunna í Hólasandi í áranna rás. Þessi mynd var tekin þegar forystumenn sjóðsins kynntu sér starfið. Mynd: SBS

Árni Sigurbjarnarson í Húsgulli á Húsavík:

Að endurheimta það sem tapast

„Í stórum dráttum finnst mér að verkefnið á Hólasandi hafi tekist. Okkur langaði til þess að sýna fram á að umhverfisvernd snýst ekki bara um að vernda landið eins og það er. Ábyrgð okkur hlýtur líka að vera sú að endurheimta það sem hefur tapast. Hugmyndin með Hólasandsverkefninu var að sýna að þetta væri hægt með ásættanlegum kostnaði og það tel ég að hafi verið sýnt fram á,“ segir Árni Sigurbjarnarson, einn af forsvarsmönnum Húsgulls á Húsavík, sem síðustu tólf ár in hefur unnið náið með Landgræðslunni við uppgræðsluna á Hólasandi.

Oft er talað um að Hólasandur hafi orðið til í kjölfar jarðelda snemma á átjándu öld. Aðstæður þar eru að sögn Árna afar erfiðar, svæðið standi í 3-400 metrum yfir sjó og afar þurrt sé á þessum slóðum. Árni leggur á það áherslu að uppgræðsla landsins sé mjög mikilvægur þáttur í að endurheimta kolefni og bara verkefnið á Hólasandi sé stór þáttur í því.

„Talið er að á bilinu 30-40% landsins hafi verið þakið skógi, en í dag er þessi tala 1,3%. Þetta er eitt mesta umhverfisvandamál okkar Íslendinga og alls heimsins. Meira en þriðj-



„Við erum að vona að lúpínan nái með tíð og tíma að skapa aðstæður fyrir annan gróður. Mikilvægt er að halda áfram að planta og sá og ná þannig smám saman að græða sárin,“ segir Árni Sigurbjarnarson. Mynd: Magnús Jóhannsson.

ungur gróðurhúsalosunar í heiminum er vegna þess að gróður og jarðvegur er að tapast. Þetta er staðreynd málsins, sem því miður hefur fengið alltof litla umfjöllun. Menn hafa verið alltof uppteknir af því að vernda ásynd lands sem menn eru vanir að sjá. Menn end-

urheimta hins vegar ekki land nema að breyta ásyndinni,“ segir Árni.

Um framhaldið í Hólasandsverkefninu segir Árni að mikilvægast sé að það nái að myndast gróðurþekja. „Við erum að vona að lúpínan nái með tíð og tíma að skapa aðstæð-

með þessu verkefni er auðvitað að skapa á Hólasandi svokallaða sjálfbæra gróðurþekju og hann verði með tíð og tíma allur vaxinn gróðri.

Eins og gengur er árangurinn af uppgræðslunni á Hólasandi misjafnlega góður eftir árum og ræður tíðarfarið þar miklu um. Sumstaðar hefur náðst sérlega góður árangur, en annars staðar hefur gróðurinn ekki náð að festa nægilega fastar rætur og á þeim svæðum verður sáð aftur.

Lúpínu sáð í 120-150 hektara í ár
Síðastliðið haust var sáð lúpínu í nokkur hundruð hektara á Hólasandi. Þá var plantað um hundrað þúsund trjáplöntum – birki, lerki, elri, reynivið og ösp. Einnig var stungið niður um 13 þúsund víðistiklingum. Áfram verður haldið á þessari braut í sumar. Stefnt er að sáningu lúpínu í 120-150 hektara á svæðum þar sem eldri sáningar hafa misfarist.

Ætlunin er að gróðursetja 100 þúsund birki- og lerkiplöntur í landgræðsluskógasvæðið en stefnt er að því að gera allan sandinn að landgræðsluskógasvæði. Gróðursettar verða lúpínuplöntur þar sem ófært er fyrir sáðvélar. Haldið verður áfram að safna birkifræi og sá í sandinn og víðistiklingum stungið niður til sjálfsáningar. Þá verður austurjaðar sandsins styrktur með áburðargjöf og sömuleiðis gróður í lægðum.



Árni Sigurbjarnarson á Húsavík er einn af Húsgullsmönnum sem hafa lagt sín lóð á vogarskálarnar við uppgræðslu Hólasands.

ur fyrir annan gróður. Mikilvægt er að halda áfram að planta og sá og ná þannig smám saman að græða sárin. Við vonumst líka til þess að Hólasandsverkefnið hafi gert það að verkum að víðar verði farið í stór landgræðsluverkefni, því þau skortir ekki.“

Framtíðin er núna



Prius - við erum komin upp á næsta stig.

Öll höfum við hugmyndir um hvernig framtíðin verður. Ólíkar hugmyndir. Við hjá Toyota sjáum fyrir okkur hreinni heim og stefnum óhikað á framleiðslu bíla sem menga ekkert. Leiðin þangað er löng og ströng en við erum komin upp á næsta stig.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbílar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu næsta skref.

Verð **2.790.000** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 421-4888	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Míðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	---	---	---

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri segir Landgræðsluna orðna þekkingarstofnun og verkefnin framundan fjölmörg:

Landgræðin batna jafnt og þétt

Vaxandi sókn þéttbýlisfólks út á land og kaup auðmanna á bújörðum hafa átt sinn þátt í að breyta viðhorfum til landgræðslu. Með nýjum áherslum í landnýtingu felast mikil verðmæti í grónu landi og í dag sjá bændur og aðrir mikla hagsmuni felast í því að vel takist til um að græða landið, bæta landkosti og koma í veg fyrir eyðingu þess. Þetta er mat Sveins Runólfssonar landgræðslustjóra sem segir þetta viðhorf meðal annars endurspeglast í þeim breytingum í starfi og áherslum Landgræðslu ríkisins sem orðið hafa á síðustu árum. Í dag sé meginhlutverk stofnunarinnar baráttan við eyðingu gróðurs og jarðvegs en mikil áhersla sé lögð á upplýsingaöflun um landgæði og miðlun þekkingar og fróðleiks um hvernig sporna megi gegn gróðureyðingu og jarðvegsrofi.

„Landgræðslan hafði til skamms tíma það hlutverk að vera einskonar slökkvilið sem barðist við elda gróðureyðingarinnar. Því slökkvistarfi er hvergi nærri lokið en í dag er Landgræðslan þekkingarstofnun, auk þess að vera stjórnýsly- og framkvæmdastofnun. Í því felst, að þungi starfsins er að hvetja sem allra flesta landsmenn til dáða við gróðurbætur og bætta meðferð lands og afla sem bestra gagna um landgæði og aðferðir sem duga gegn þeirri að sem uppblástur og jarðvegseyðing svo sannarlega eru. Nú er til dæmis mikil áhersla lögð á rannsóknir á bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi því landgræðsla er afar mikilvægt mótvægi gegn vaxandi útblæstri koltvísýrings og nú alþjóðlega viðurkennd leið samanber Kyoto bókunina,“ segir Sveinn.

Starfið er hnattrænt

Sveinn segir að starf þekkingarstofnana líkt og Landgræðslunnar sé hnattrænt í eðli sínu. „Í dag tökum við virkan þátt í alþjóðlegum verkefnum. Þannig erum við í samstarfi við stofnanir, t.d. í Bandaríkjunum, Evrópu, Nýja Sjálandi og Ástralíu um rannsóknir á jarðvegseyðingu og aðgerðum til úrbóta sem margir telja stærsta umhverfisvandamál heimsins. Á hverju ári glatast svæði sem eru og Ísland að flatarmáli, en verst er ástandið í Afríku og Asíu. Þetta leiðir til þess að fólk flykkist úr eyðimörkunum yfir á önnur svæði þar sem myndast mikið álag á gróður, meðal annars vegna búfjárbéitar. Ég tel að reynsla okkar Íslendinga á sviði jarðvegsverndar geti nýst í þróunaraðstöð landsmanna og að frábærir vísindamenn okkar Íslendinga geti lagt þar mikið af mörkum við að miðla öðrum þjóðum af þekkingu sinni. Nú hillir undir það að fyrstu erlendu nemendurnir í þróunarverkefni á veg-



Úti á akrinum. Sveinn og Jóhann Bjarnason sáningarmaður.

„... ef við lítum hins vegar af fullu raunsæi á málin tel ég þó engan vafa leika á því að jarðvegs- og gróðureyðing sé mun meira vandamál.“

um utanríkisráðuneytisins um alþjóðlegan landgræðsluskóla komi til okkar og Landbúnaðarháskóla Íslands, glæsileg afmælisgjöf það og mikil viðurkenning á landgræðslustarfinu.“

Á iðjagrænum völlum

Í Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem höfuðstöðvar Landgræðslunnar eru, er dæmi um sókn og sigra í uppgræðslustarfinu og þá staðreynd að alltaf er von. Jörðin fór í eyði vegna sandfoks árið 1923, en ekki löngu síðar hófst þar markvisst uppgræðslustarf undir forystu Gunnlaugs Kristmundssonar, þáverandi sandgræðslustjóra. Með viljann að vopni tókst að bægja ógninni frá og vinna sigur eins og hinir iðjagrænu vellir eystra vitna best um. Málum hefur þó ekki alltaf lyktað jafn vel og dæmið frá Gunnarsholti vitnar um; í hinum forna Rangárvallahreppi er vítað um allt að 75 bújarðir sem fóru í eyði af völdum sandfoks.

- Það felast mikil verðmæti í grónu landi. Þarf í áróðri vegna landgræðslu-

starfsins að koma þeim skilaboðum miklu skýrar á framferi og hamra á því að landið sé auðlind?

„Ég get vissulega tekið undir það. Í umfjöllun síðustu missera um umhverfismál og auðlindanýtingu hefur einkum verið tekið á um fallorku og jarðhita og umhverfisvanda þeim tengdum. Á hinn bóginn hefur hefur því miður dregið mjög úr umfjöllun um nýtingu þeirra auðlinda sem felast í gróðri og fiskimiðum, lífbeltunum tveim sem Kristján Eldjárn, forseti Íslands kallaði svo. Þetta þykir mér mjög miður, því gróður og jarðvegur er nú einu sinni undirstaða þess að Ísland sé byggilegt. Kárahnjúkamálið hefur því satt að segja skekkt alla umfjöllun um auðlindir landsins og leitt til þess að fólk telur virkjunarframkvæmdir stærsta umhverfisvanda okkar Íslendinga. Vissulega þarfnast þau mál umfjöllunar almennings og þeirra stofnana sem þar eiga um að véla en ef við lítum hins vegar af fullu raunsæi á málin tel ég engan vafa leika á því að jarðvegs- og

„Í baráttunni gegn þessum vanda tel ég að frábærir vísindamenn okkar Íslendinga geti lagt mikið af mörkum.“

gróðureyðing sé mun meira vandamál. Góðu heilli er gróðurreikningur okkar Íslendinga þó kominn í plús og meira land endurheimtist en eyðist, að mínu mati.“

Hljýindin skapa vanda

- Getur þú útskýrt gróðurreikninginn og bókhaldsaðferðirnar þar?

„Það er erfitt að útskýra þetta reikningshald. Þó má segja að landgæðin eru jafnt og þétt að batna vegna hlýnandi veðráttu og aðgerða landsmann til gróðurbóta, enda þó enn fjúki mikið úr rofabörðum og eyðimörkum, einkum á eldfjallabeltinu sem gengur þvert yfir landið. Hljýindi síðustu ára hafa hins vegar líka skapað þannig vanda að nú er ekki til staðar - í þeim mæli sem áður var - sá hlífðarskjöldur sem snjórin er. Það leiðir til þess að miklar frostlyftingar eru á lítt grónum svæðum, jarðvegsyfirborðið losnar og landið þornar fljótt upp á vorin. Fyrir vikið er reynt, þar sem aðstæður leyfa, að hefja uppgræðslustarf með til dæm-

is melgresi og öðrum harðgerðum gróðri til að binda yfirborð jarðvegsins og koma af stað eðlilegri gróðurframvindu. Þannig myndast vistkerfi sem varðveitir raka í jörðu og smátt og smátt kemst annar gróður á rekspól. Með þessum aðferðum hefur verið lyft Gretistaki víða um land,“ segir Sveinn og bætir við:

„Mikill og góður árangur hefur náðst á Hólsfjöllum og víðar, t.d. við þéttbýli landsins eins og Þorlákshöfn, blómlegt byggðarlag sem hefði aldrei komist á legg nema því aðeins að sandarnir þar í kring voru græddir upp. Ég gæti líka nefnt Vík í Mýrdal, Skógey við Hornafjörð og Kelduhverfið. Síðan eru líka staðir þar sem við landgræðslufólk höfum ekki náð þeim árangri sem hugur okkar stendur til, svo sem í Sauðlauksdal við Patreksfjörð þar sem ekki hefur náðst samkomulag um að stöðva sauðfjárbéit á uppblásturssvæðum og þar ræður sandurinn nú ríkjum eins og þegar Séra Björn Halldórsson var þar prestur á seinni hluta 18. aldar.“



Í garðinum í Gunnarsholti. Sveinn Runólfsson við brjóstmynd af föður sínum, Runólfi Sveinssyni, sem var sandgræðslustjóri frá 1947 til 1954.

Hagsmunir í góðri umgengni

Því var lengi haldið fram að hefðbundinn landbúnaður og landgræðslustarf væru fullkomnar andstæður. Sagt var að bændur væru skussar í umgengni sinni við landið og vart til þess treystandi að nýta afrétti og sinna uppgræðslu örfoka lands. Sveinn Runólfsson segir að vissulega séu þess dæmi að bændur sýni landinu ekki þá virðingu og þá alúð sem því ber. Slíkt heyrir þó til undantekninga og viðhorfin í dag séu allt önnur nú en var.

„Í dag er nánast allt land í eigu bænda eða nýtt af þeim. Aukin sókn, til dæmis efnamanna, út í sveitirnar hefur stórhækkað verð á landi og nú sjá bændur hve miklir hagsmunir felast í góðri umgengni við landið og að samstarf við Landgræðsluna getur verið ábatasamt,“ segir Sveinn. Þannig hefur Landgræðslan á undanfórnum árum gert samninga við alls 650 bændur víða um land undir merkjum verkefnisins Bændur græða landið en þeir fela í sér endurgjaldslausa ráðgjöf aukinheldur sem bændum er lagt til fræ og hluti áburðarkostnaðar þeirra greiddur, en þeir leggja fram sína vinnu, reynslu, þekkingu og vélakostnað.

Hugarfarsbreyting

„Þegar ég tók við 1972 sem landgræðslustjóri tók við heilmikil baráttu um verndun gróðurs afréttanna, til dæmis á Suðurlandi, í Húnavatnssýslum og Mývatnssveit. Við börðumst fyrir því að seinka upprekstri sauðfjár á vorin og eins að göngum á haustin væri flýtt. Ennfremur að upprekstri hrossa á illa gróna afrétti yrði hætt. Þessi barátta stóð lengi og var hreint ekki auðveld, því til dæmis á árunum í kringum 1980 voru bændur mjög svartsýnir varðandi sinn hag, meðal annars vegna þess offramleiðsluvanda sem þá var við að glíma. Í dag eru þessi viðhorf hins vegar gjörbreytt; afkoman hefur stórlega batnað og almennt ríkir bjartýni

í greininni. Ég þakka Guðna Ágústssyni fyrrum landbúnaðarráðherra mikið þá hugarfarsbreytingu. Fyrir vikið eru bændur nú áhugasamari um að leggja uppgræðslu landsins lið og þeir hafa líka með bætum efnahag miklu meiri möguleika til þess en áður.“

Kolefnisjöfnum búsetuna

Sveinn Runólfsson tók við embætti Landgræðslustjóra árið 1972 eins og áður segir. Á þeim árum og

vel fram yfir 1990 hélt stofnunin sjálf úti vinnuflokkum sem sáu um einstök landgræðsluverkefni auk þess sem flugvélar gegndu þýðingarmiklu hlutverki við áburðar- og frædreifingu. Nú sinna bændur og aðrir verktakar, sem fyrr segir, þessu starfi að mestu leyti, en með aðstoð Landgræðslunnar og hlutverk hennar er fyrst og síðast þjónusta við landgræðslustarfið, landnotendur og aðra landsmenn svo og vísindarannsóknir

og þekkingarmiðlun.

„Ef ég lít einn áratug fram í tímann þá sé ég Langræðsluna fyrir mér sem enn öflugri stofnun en nú er, með sérmenntaða vísindamenn og fagfólk á öllum sviðum landbóta í okkar starfsemi. Við erum rík af illa förnu landi sem býður upp á mikla möguleika til að binda kolefni með landgræðslu í gróðri og jarðvegi. Með því að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og einhenda

okkur í stórt átak í landgræðslu og skógrækt eigum við Íslendingar hæglega að geta orðið fyrsta ríki veraldar sem nær að kolefnisjafna okkar búsetu á þessari einstöku eyju. Síðast en ekki síst tel ég að alþjóðlegt hlutverk Landgræðslunnar í alþjóðavæddum og síminnkandi heimi muni aukast að mun enda taka okkar áherslur mið af því.“

Landgræðsla við Kráká dregur úr sandburði í Laxá:

Stórkostleg framkvæmd

Margt bendir til að sandur úr Krákárbotnum, sem barst með Laxá í Suður Þingeyjarsýslu, hafi valdið skemmdum á mikilvægum hrygningarslóðum laxfiska í ánni. Þetta er mat margra sem til þekkja en þúsundir tonna af sandi ofan af öræfum hafa borist með ánni og þetta telja bændur í Aðaldal að geti átt sinn þátt í minni veiði í ánni.

„Uppgræðslan við Kráká hefur vissulega skilað því að minna af sandi berst í ána en áður var. Ég tel verkefnið í Krákárbotnum í raun vera stórkostlega framkvæmd, hvernig sem á málið er litið,“ segir Atli Vigfússon bóndi á Laxamýri.

Þegar best lét fyrr á tíð veiddust vel yfir 3.000 laxar á sumri í Laxá, en síðasta sumar voru þeir ekki nema vel innan við 1.000. „Hvað veldur þessum miklu sveiflum í veiðinni er illa útskýranlegt. Nú hefur fiskgengd í Vopnafjarðaránum aukist að mun síðustu árin og við ályktuðum sem svo að þá myndi hið sama gerast hér í Aðaldal. Það hefur þó ekki gengið eftir. Ef til vill hefur áin enn ekki náð að hreinsa sig, þannig að enn sé sandur í hyljum og lygnum árinna



Bóndinn á Laxamýri. Atli Vigfússon vitjar um á veiðislóðum við Laxá.

en það hefur ekki komið neitt flóð í hana svo heitið getur síðan 1979,“ segir Atli sem væntir þess að í fyllingu tímans nái Laxá sér á strik aftur. Í sumar verði mönnum til dæmis gert að sleppa öllum fiski sem þeir veiði

og vonandi hafi það áhrif til góðs.

Áfokssvæðin í Þingeyjarsýslum eru fjölmörg, enda náttúra á þessum slóðum viðkvæm. Þannig hefur talsvert fokið úr svæðinu norðan við Aðaldalsflugvöll og við Laxá vest-

anverða og eins af sandinum upp af botni Skjálfandaflóa. Um átta tonn af áburði eru á vori hverju borin á Laxárþakka en að mati Atla þarf talsvert meira til og róttækar aðgerða er þörf, ef duga skal.

Landgræðsluverðlaunin eru árviss viðburður:

Vekja athygli á mikilvægu starfi

Hefð er fyrir því að síðla sumars eða á haustin ár hvert veiti Landgræðsla ríkisins Landgræðsluverðlaunin svo-nefndu. Þau falla jafnan í skaut fólki og félagasamtökum sem hefur sinnt landgræðslustarfi og landbótum öt-ullega og er hugsunin með þeim að vekja athygli á mikilvægu starfi áhugafólks að landgræðslumálum.

Landgræðsluverðlaunin 2006 voru veitt fjórum aðilum sem allir hafa, hver með sínum hætti, unn-ið ötullega að uppgræðslu landsins. Þau sem verðlaunin fengu á síðasta ári voru hjónin Ófeigur Ófeigsson og Halldóra Hauksdóttir í Næfurholti og Kristján Gíslason og Auður Har-aldsdóttir að Hólum á Rangárvöllum, en ábúendum á þessum jörðum, sem í daglegu tali eru nefndir Heklubærir, hafa verið ötulir við landbætur og uppgræðslu og unnið þar stórvirki. Hefur heimaland þessara jarða á skömmum tíma breyst úr lítt grónum melum í gróskumikið land.

Ótal ferðir til fjalla

Sigurður H. Magnússon gróðurvist-fræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands var einn sá sem verðlaunin fékk. Á undanförnum árum hefur Sigurður komið að ýmsum land-græðsluverkefnum og þá sérstaklega á Hrunamannafrétti. Hann vann að uppsetningu landgræðslugirðing-arinnar við Gullfoss á sínum tíma og hefur farið ótal ferðir upp til fjalla með fræ í pokum og áburð og sáð í sárin. Margar ferðir hefur hann einn-ig farið til að skoða landið, meta ár-



Landgræðslufólk verðlaunað. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Ásdís Birna Stefánsdóttir, Sigurður H. Magnússon, Emil Emilsson, Kristján Gíslason, Ófeigur Ófeigsson, Auður Haraldsdóttir, Halldóra Hauksdóttir og Niels Árni Lund, sem afhenti verðlaunin f.h. Guðna Ágústssonar, þáverandi landbúnaðarráðherra.

Ljósmynd. Jón Ragnar Björnsson.

angur aðgerða og leggja á ráðin með framhaldið. Hefur hann jafnframt reynt ýmsar aðferðir til að auka fjöl-breytni þess gróðurs sem sáð er til, til dæmis stungið niður víðigræðlingum, sáð birkifræi og stungið upp og gróð-ursett smárahnausa

Ræktunarbylting

Þá fékk Emil Emilsson formaður Skógræktarfélags Seyðisfjarðar verð-launin, en skógrækt í heimabæ hans stendur á gömlum merg. Á síðustu

15 árum má segja að orðið hafi rækt-unarbylting á Seyðisfirði, sem Em-il hefur átt stóran þátt í, og má þar nefna friðun lands við bæinn fyrir ágangi búfjár, auk þess sem Seyðfirð-

ingar hafa verið virkir þátttakendur í landgræðsluskógaverkefninu svo-nefnda.

Breytt veðrátta hefur mikil áhrif á uppgræðslu landsins:

Milljónir tonna á haf út

Hlýindi og snjóleysi síðustu vetra hafa tvíþent áhrif á uppgræðslu lands. Hvað hitafar áhrærir end-urspeglast það meðal annars í grósku, góðum vexti trjáa og lág-gróðurs og áberandi miklu landnámi nýgræðings. Á hinn bóginn eru snjóléttir vetur gróðri landsins líka óhagstæðir og jafnvel skaðlegir, ekki síst hálendinu. Í október 2004 gerði stífa norðanátt sem gekk yfir landið og gervituglamyndir sýndu að millj-ónir tonna af jarðvegi fuku á haf út af uppblásturssvæðum á sunn-anverðu landinu í tveimur sandveðr-um. Gervituglamyndir af þessum mikla sandstormi birtust meðal ann-

ars í Morgunblaðinu og vöku mikla athygli.

Sveinn Runólfsson landgræðslu-stjóri segir í ársskýrslu Landgræðsl-unnar fyrir árið 2004 að ný fjarkönn-unartækni, sem stofnunin hafi yfir að ráða, staðfesti fyrri fullyrðingar um hvernig landið bókstaflega fjúki burt, þegar það er marautt. Það seg-ir Sveinn afleiðingu þess hve mikill hluti Íslands séu gróðurlitlar auðnir sem veita lítið viðnám. Aðeins um fjórðungur hluti landsins er nú þak-inn samfelldri gróðurbreiðu í stað 75% um landnám.

„Það er ótrúlega algengt að Íslandi sé lýst sem landi hinnar óspilltu nátt-



Landið fýkur burt. Gervihnattamynd-ir, sem meðal annars birtust í Morg-unblaðinu, sýndu landeyðinguna með áhrifamiklum hætti.

úru, ekki síst þegar verið er að laða ferðamenn til landsins. Erum við orðin svo vön þeim gróðurtötrum sem við blasa að við trúum þessu, eða höfum við sætt okkur við núverandi ástand? Auðvitað teljum við Ísland vera eitt fegursta land í heimi og það nýtur þess að á víðáttumiklum svæð-um eru engin mannvirki. En ósnort-ið er landið sannarlega ekki eftir ell-efu alda búsetu, enda er Íslands æ oftar getið í alþjóðlegum ritum þegar nefnd eru dæmi um stórfellda jarð-vegseyðingu og myndun eyðimarka,“ segir Sveinn Runólfsson.

Njótum náttúrunnar

Göngum vel um



FJARÐABYGGÐ
umhverfissvið



Í SÁTT VIÐ UMHVERFIÐ



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF



Stefán Skaftason, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum:

Að halda sandsköflum í skefjum

Það er í mörg horn að líta hjá Landgræðslunni á norðausturhorni landsins – verkefnir eru mörg og víðamikil. Eins og annars staðar á landinu leggja margir hönd á plóg, bæði félagasamtök og ekki síður bændur, sem hafa í auknum mæli komið að landgræðslustörfum á undanförunum árum. „Það hafa verið stór verkefni í gangi á þessu svæði og svo verður áfram,“ segir Stefán Skaftason, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.

„Við höfum auðvitað verið í stórfamkvæmdum á Hólasandi síðan 1994. Einnig er stöðugt verið að vinna í landgræðslugirðingum, en þær eru settar um verstu uppblásturs-svæðin, m.a. á Hólsfjöllum og Mývatnsöræfum. Þá erum við í samstarfi við landgræðslufélag Öxfirðinga og landgræðslufélag Svalbarðshrepps um uppgræðslu á heiðum sveitarfélaga-anna. Þar hefur land verið að láta undan síga og eyðileggjast á undanförunum árum. Þetta er fjórða árið sem við vinnum með bændum að þessum verkefnum. Parna notum við áburð og saum grasfræi – túnvingli og beringspunti – harðgerðum tegundum – og það kemur gríðarlega vel út,“ segir Stefán og bætir við að framlag bændanna felist fyrst og fremst í dreifingu á áburði á þau svæði sem undir eru á hverjum tíma. Verkefnir eru fjármögnuð með framlagi úr Landbótasjóði Landgræðslunnar og með framlögum sveitarfélaga og einstaklinga. Áburðardreifingin fer í fullan gang núna í júní, eða um leið og unnt er að fara um svæðin.

Árangursríkt verkefni í Krákárbotn-um

Af öðrum verkefnum sem Landgræðslan kemur að á norðaust-

urhorninu nefnir Stefán uppgræðslu á Grjóthálsi sunnan við girðinguna í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Einnig uppgræðsluverkefni í Krákárbotnum, sem unnið hefur verið að á undanförunum árum. Til glöggvunar er þetta svæði á bilinu 18 til 25 km frá Grænavatni í Mývatnssveit. Stefán segir ekki hægt að segja neitt annað um árangurinn af uppgræðslunni í Krákárbotnum en að hann sé „ævintýrlega“ góður.

„Parna hefur orðið mikil breyting á landi og í kjölfarið hefur Kráká tekið stakkaskiptum. Við erum farnir að sjá gróður í ánni norður undir Baldursheim í Mývatnssveit, sem gefur til kynna að stórlega hafi dregið úr sandfokinu í ána og þar með hefur dregið úr sandburði niður í Laxá,“ segir Stefán.


Tíðarfarið ræður miklu

Landgræðslan hefur unnið að áhuga-verðu verkefni í Víðidal á Fjöllum í samvinnu við Vegagerðina, Fornleifavernd ríkisins og Biskupsstofu um endurheimt landgæða svæðisins og verndun fornminja. Þá er í upp-siglingu samstarf við Skógræktarfélag Austurlands um ræktun birkiskógar í Víðdal.

„Við höfum smám saman verið að stækka uppgræðslusvæðið á Fjöllunum. Meðal þess sem við erum að fást við er að halda sandsköflum sem eru á leiðinni niður í Öxarfjörð í skefjum svo sandurinn ógni ekki byggðinni. Það hefur gengið þokkalega, en auðvitað ræður tíðarfarið oft miklu um árangurinn. Vaxtartíminn er auðvitað styttri þegar komið er í þessa hæð yfir sjó, en engu að síður höfum við náð ótrúlegum árangri í uppgræðslu á Hólsfjöllunum. Ég man þá tíð að þegar keyrt var eftir



Stefán Skaftason, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.



Land í tötrum.

Mynd: Andrés Arnalds.

gamla þjóðveginum yfir Möðrudalsöræfi gat maður lent í miklum sandstormi, en það hefur sem betur fer breyst. Þetta svæði á Hólsfjöllum er gríðarlega stórt, eða um 100 þúsund hektarar. Mörg uppgræðslusvæði þar hafa náð sér á strik og eru orðin sjálfbær,“ segir Stefán.

Uppgræðsla á afréttum

Í kjölfar þess að tekin var upp gæðastýring í landbúnaði hefur Landgræðslan tekið upp samstarf við sveitarfélög og fjölmarga bændur um uppgræðslu á afréttum. Þannig eru komin í gang slík verkefni í samstarfi við Þingeyjarsveit um uppgræðslu á afréttum í Fnjóskadal og Bárðardal, við Skútustaðahrepp um uppgræðslu á Mývatnsöræfum, við Grýtubakkahrepp um uppgræðslu í Fjörðum og einnig er Landgræðslan eins og áður segir í samstarfi við Norður-Þingeyinga um uppgræðslu á afréttarlöndum þar.

Stefán segir ekki hægt að kvarta yfir áhugaleysi bændna á norðausturhorni landsins á landgræðslustörfum. Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum segir hann að séu fast að 150 bændur sem Landgræðslan sé í samstarfi við í verkefninu. Bændur græða landið. Landgræðslan leggur til styrk að upphæð 22.500 kr. pr. ábórið tonn áburðar, ásamt því grasfræi sem til þarf.

„Bændur leggja ekki bara til vinnu við áburðardreifingu. Margir leggja einnig til búfjáráburð, heymoð og fleira sem nýtist vel til landgræðslu. Bændur hafa í þessari vinnu náð frábærum árangri í sínu landgræðslustarfi og eiga mikinn heiður skilið,“ segir Stefán Skaftason.



Ritar sögu landgræðslustarfsins í eina öld:

Landgræðsla er langtímaverk

Á haustdögum kemur út bók eftir Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðing, sem er saga landgræðslustarfs á Íslandi síðustu hundrað árin. Í senn er um að ræða afmælisrit Landgræðslu ríkisins en einnig sögu þess merka og fórnfúsa starfs sem bændur og sjálfbóðaliðar um landsins breiðu byggðir hafa í tímans rás innt af hendi við að græða upp svarta sanda og gera staði, sem ella hefðu lagst í auð, byggilega. Friðrik hefur unn-ið að ritun bókarinnar síðasta árið, en hún verður vel á þriðja hundrað blaðsíður, í stóru broti og prýdd fjölda mynda.

Á fyrsta fundi sagnaritarans Frið-riks og ritnefndar varpaði Sveinn Runólfsson fram þeirri spurningu hvað bókin góða skyldi heita. „Ég hikaði í fyrstu, en síðan varð mér hugsað til ágættra þátta sem Hörður Torfason var í með Ríkisútvarpinu og heita Sáðmenn söngvanna. Með örlftrilli breytingu sá ég að þarna væri heiti bókarinnar auðvitað komið; Sáðmenn sandanna. Þetta er öðru fremur saga þess fólks sem hefur lagt sig fram um að sá í sandana og breyta þeim í iðjagræna velli. Slíkt hefði þó aldrei gerst nema því aðeins að við-horfin gagnvart landgræðslustarfinu væru jákvæð og í þeim efnum hafa raunar orðið algjör straumhvörf á undanförunum árum,“ segir Friðrik.

Melgresi og skjólveggir

Bókina góðu hefur Friðrik einkum ritað eftir frásögnum heimildarmanna í landgræðslustarfinu og svo ýms-um samtímaheimildum, til dæmis í dagblöðum og tímaritum, sem fyrir liggja. Þá gaf Landgræðslan lengi vel út árþók um starfsemi sína og seinni árin ársskýrslur og í þeim ritum seg-ir Friðrik að sé ótæmandi fróðleikur

sem nú verði tiltækur í einu riti, eins og mikilvægt sé.

Skógræktin og Sandgræðsla Ís-lands – en svo hét Landgræðslan allt fram til 1965 – eru stofnanir sem báðar voru settar á laggirnar árið 1907. Í fyrstu voru þær nátengdar, enda þótt síðar væri skorið á nafla-strenginn. Saga Skógræktarinnar kom út fyrir nokkrum árum „...svo í þess-ari bók er nánast eingöngu fjallað um hina eiginlegu landgræðslu sem er að klæða sanda og örfoka land,“ segir Friðrik sem bætir við að eftirtekt sína hafi vakið þegar hann hóf ritun bókar sinnar hve lengi sömu vinnubrögðum við landgræðslustarf var fylgt. Þannig hafi allt frá fyrstu starfsárum stofn-unarinnar og fram til um 1990 verið lögð megináhersla á að hefta sand-fok með melgresi og skjólveggjum. Fyrir hálfum öðrum áratug eða svo hafi menn hins vegar tekið upp nýja háttu. Það var þegar farið var í rík-ari mæli að leita eftir því að bændur tækju að sér uppgræðslu landsins á sama tíma og skert var á rannsókna- og ráðgjafarhlutverki Landgræðsl-unnar.

Landgræðsla og landbúnaður eiga mikla samleið

„Þegar ég fór að kynna mér starf og sögu Landgræðslunnar kom mér á

óvart hve takmarkaðir fjármunir hafa í raun runnið til starfs hennar,“ seg-ir Friðrik. „Þjóðin hefur, að minnsta kosti til hálf, lokað augunum fyrir þeirri vá sem fylgir uppblæstri. Í dag er mikið rætt um náttúruvernd, iðn-að og álver en þeim mun minna um landgræðsluna sem ég tel brýnasta úrlausnarefni þjóðarinnar á sviði um-hverfismála. Koma verður í veg fyrir að landið fjúki burt og það verður ekki gert með því að einblína á skað-semi sauðfjárbæitar. Vissulega getur sauðfé gengið of nærri landinu, en sé farið að öllu með gát eiga landbún-aður og öflug landgræðsla hins vegar mikla samleið.“

Að mati Friðrik hefur forysta rétttra manna á réttum tíma skipt landgræðslustarfið og framgang þess miklu máli. Landgræðslustjórnarnir Gunnlaugur Kristmundsson, Run-ólfur Sveinsson, Páll Sveinsson og Sveinn Runólfsson hafi allir haft góða menntun og sterk tengsl við landbún-að, íslensk þjóðmenningu og verið sér vel meðvitaðir um mikilvægi góðrar umgengni við náttúruna.

Ógnin var víða

„Sú var tíðin að sandfok ógnaði byggð víða á landinu. Með samstilltu átaki fjöldans tókst hins vegar að bæjja þeirri ógn frá – og það hefur

Barátta Íslendinga við sandfok og gróðureyðingu hefur staðið í aldir:

„Mesta uppblástursár í sögu landsins“

Enda þótt landgræðslustarf hæfist-formlega með stofnun Sandgræðslu Íslands árið 1907 má rekja sögu þess mun lengra aftur. Gróðureyð-ing af völdum sandfoks var Íslend-

ingum velþekkt og til eru heimildir um gerð sandvarnargarða í Selvogi á þrettánda öld. Undir lok sautjándu aldar var uppgræðsla og barátta við sandfokið svo eitt af því sem prest-urinn Eiríkur Magnússon í Vogsós-um lét sig varða, en hann var frægur fyrir galdra og eru til af því ýmsar sögur. „Hleðslugarðar séra Eiríks og fjölkynngi dugðu ekki og við uppblásturinn á Strönd varð ekkert ráðið. Aldalöng rányrkja hafði gert út af við þetta forna höfuðból og höfðingjasetur og af völdum sand-foks fór jörðin í eyði um 1690. Eftir stóð Strandarkirkja í auðninni eins og minnismerki um forna búsæld og velmegunartíma,“ segir Friðrik G. Olgeirsson í handriti bókarinnar Sáðmenn sandanna.

Séra Björn Halldórsson í Sauð-lauksdal við Patreksfjörð hefur stund-um verið nefndur hinn eiginlegi upp-hafsmaður landgræðslu hér á landi þó árangur af viðleitni hans yrði ekki varanlegur. Björn var prestur vestra frá 1752 til 1782 og er velþekktur fyrir ritin Atla og Auðbjörgu, sem voru bestu leiðbeiningar um land-búnað sem Íslendingar áttu um ald-arskeið. Því var ekki að undra að sálnahirðinum í Sauðlauksdal rynnu til rifja þær búsífar sem fylgdu hvít-um skeljasandinum í Patreksfjarð-arfjörum.

„Hann útvegaði sér því skipun landsstjórnarinnar um að sókn-armenn hans skyldu hjálpa honum við að gera garð fyrir þeim jaðri túns-ins sem mest hætta stafaði af sand-fokinu, samkvæmt þingvitnum árið 1757. Heldur varð þessi skylduvinna við sandvarnargarðinn óvinsæl og var garðurinn því kallaður Ranglátur. Bæði nafn hans og menjar eru enn til minnis um sandgræðslustörf séra Björns,“ segir í handriti Friðriks G. Olgeirssonar.

Á Rangárvöllum var gróðureyð-ing um langt skeið mikið vandamál, einkum á síðustu árum 19. aldar. Ár-in um og eftir 1880 hafa raunar oft



„Þjóðin hefur– að minnsta kosti til hálf - lokað augunum fyrir þeirri vá sem fylgir uppblæstri,“ segir Friðrik G. Olgeirsson, höfundur sögu Landgræðslunnar sem kemur út nú á haustdögum.

ráðið miklu um jákvæð viðhorf fólks til landgræðslustarfsins. Mikil hætta steðjaði að byggðinni í Þorlákshöfn á sínum tíma; en nú eru sandarnir þar í kring víða orðnir að grænum völlum. Sama hefur gerst til dæmis í Vík í Mýrdal, á Kirkjubæjarklaustri og Kópaskeri sem og í Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem höfuðstöðv-ar Landgræðslunnar eru. Baráttan við sandfokið og gróðureyðinguna á

þessum slóðum var þó alls ekki auð-unnin; enda er landgræðsla í eðli sínum langtímaverk og þolinmæð-isvinna. Því er okkur nútímafólki bæði lærdómsríkt og hollt að kynna okkur hverju landgræðslufólk fyrri tíðar fékk áorkað, þrátt fyrir að skil-yrðin væru oft býsna erfið, rétt eins og lesa má um í Sáðmönnum sand-anna,“ segir sagnfræðingurinn Friðrik G. Olgeirsson að síðustu.



Enn sjást menjar um sandvarnargarðinn Ranglát í Sauðlauksdal, þar sem sr. Björn Halldórsson greip til óspilltra mála gegn sandfokinu með hjálp sókn-arbarna sinna.

verið talin eitt mesta harðindaskeið í sögu landsins á síðari árum, sérstak-lega á Norður og Austurlandi þar sem voru hríðarveður langt fram á vor. Árið 1882 var fólki sérstaklega þungt í skauti og á Suðurlandi var samfelld-ur sandstormur í þrjár vikur. Þetta ár var ef til vill mesta uppblástursár í sögu landsins,“ segir í Sáðmönnum sandanna. Þar er líka vitnað til þess að þetta ár, 1882, hafi höfuðbólið Kornbrekkur við Gunnarsholt farið í eyði vegna sandfoksins.

Fyrstu lög um skógrækt og land-græðslu tóku gildi í ársbyrjun 1908. A.F. Kofoed-Hansen var fyrsti skógræktarstjórinn aukinheldur sem hann hafði með sandgræðslumál að

gera. Gunnlaugur Kristmundsson var sandgræðslumaður og meðal verkefna sem hann lagði áherslu á í fyrstu var uppgræðsla á Reykjasandi á Skeiðum. Þar hafði sandfokið reynst mönnum þungt í skauti og því aðgerða þörf.

Á Reykjasandi settu Gunnlaugur og hans menn upp landgræðslugirð-ingu, en afgirt land innan hennar voru rúmir 150 ha. Þar var sáð um 700 pundum af melfræi og sýnir melurinn vel hvað í honum bjó, enda dafnaði hann vel. Með þessu tókst smám saman að græða upp sand-inn við Reyki – og hefur þessi aðferð jafnan verið sú sem best hefur reynst við landgræðslustarf hér á landi og oftast verið notuð.

Sjálflímandi frímerki

Nú hefur Pósturinn gefið út örk með 50 sjálflímandi frímerkjum sem eru einföld og handhæg í notkun. Merkin eru gefin út í tilefni 100 ára afmælis Landgræðslu ríkisins.

Frímerkin hafa verðgildi fyrir bréf að 20g innanlands og eru fáanleg á pósthúsum um land allt.

Íslandspóstur Sími þjónustuvers: 580 1200
Netfang: postur@postur.is
Heimasíða: www.postur.is

PÓSTURINN
allur pakkinn



1947 • 2007



Raflínur hverfa!

Fyrir 60 árum tóku Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, til starfa. Hlutskipti RARIK var m.a. að rafvæða landsbyggðina. Dreifikerfið skiptir nú þúsundum kílómetra og verður sífellt traustara.

RARIK hefur á undanförnum árum gert mikið átak í að fjarlægja loftlínur og leggja jarðstrengi í staðinn. Nú hafa um 2000 km jarðstrengja leyst loftlínur af hólmi.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Sími 528 9000 • www.rarik.is

Loftmyndir mikilvægar við gerð landgræðsluáætlana:

Veita upplýsingar og sýna samanburð

Loft- og gervihnattamyndir gegna sífellt veigameira hlutverki í landgræðslustarfi. Slíkar myndir sýna vel þær stöðugu breytingar sem landið tekur og auðveldar það starfsfólki Landgræðslunnar að taka ákvarðanir um áherslur í starfinu. „Góðar loftmyndir auka möguleika okkar til að kynna starf stofnunarinnar og mikilvægi þess út á við. Það hefur enda mikla þýðingu að fólkið í landinu skynji sjálft mikilvægi þess að lesa landið - gera sér grein fyrir landgæðum og sinna endurbótastarfi sé þess þörf,“ segir Arna Björk Þorsteinsdóttir, sem stýrir landupplýsingasviði stofnunarinnar.


Starfsmenn landupplýsingasviðs eru fjórir; þrír landfræðingar og einn jarðfræðingur. Hlutverk þeirra er að afla og skrá upplýsingar um störf Landgræðslunnar, afla mynda og annarra gagna um landið og draga af þeim, ásamt vettvangsathugunum, ályktanir um ástand þess. Þau skrá og staðsetja allar sáningar, rannsóknarreiti, landbrot, fyrirhleðslur og fleira.

Innrauðar og í lit

„Við notum gervitunglamyndir, innrauðar og í lit, og loftmyndir teknar úr flugvélum sem nú orðið eru litmyndir en voru áður svarthvítar. Elstu loftmyndir Landgræðslunnar eru frá um 1940 og farið var að nota þær í starfinu upp úr 1960. Loftmyndirnar notum við m.a. til að kynna landgræðsluna út á við og þegar við grein-



Milli fjalls og fjöru. Loftmyndir varpa skýru ljósi á landið og ástand þess – eins og þessi mynd frá Skógum undir Eyjafjöllum vitnar um.



Jarðvegsrof er víða vandamál. Ástandið er þó misjafnt en verst á rauðlituðu svæðunum á þessari mynd.



MASSEY FERGUSON - POTTINGER - BOGBALLE - VALTRA - SCHAFFER LADER - VICON - MULLERUP - ALÖ

Jötunn Vélar sérhæfir sig í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði og jarðvinnuverktökum.

Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu og haft það að markmiði að vera leiðandi í þjónustu og sölu.

Stærsti innflytjandi dráttavéla á Íslandi

Úrval tækja fyrir vor-, sumar-, haust- og vetrarverkin

Meðal helstu vörumerkja sem fyrirtækið býður upp á eru: Valtra, Massey Ferguson, Pöttinger og Schaffer

JÖTUNN • VÉLAR ehf.

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is



„Góðar loftmyndir auka möguleika okkar til að kynna starf stofnunarinnar,“ segir Arna Björk Þorsteinsdóttir sem stýrir landupplýsingasviði Landgræðslunnar.

um hvar er landrof, áfok og svo framvegis,“ segir Arna sem bindur miklar vonir við nýjar myndir úr SPOT5 gervitunglinu sem Landgræðslan og nokkrir aðrir opinberir aðilar hafa verið að víða að sér á undangengnum árum. Þær veiti góðar upplýsingar um landið, ástand þess og gæði. Með nýjum myndum gefst færi á að sýna samanburði við eldri myndir og þar með upplýsingar um framvindu rofs eða endurheimt gróðurs.

Arna segir að loftmyndirnar sýni vel hvar áfoksefni berist frá jöklum landsins sem eru sífellt að hopa. Áfoksefni geta borist inn á gróðið land í miklu magni og eytt þeim gróðri sem fyrir er og skilið eftir nakið land. Dimmuborgir í Mývatnssveit hafa t.d.

lengi verið í mikilli hættu af völdum sandfoks. Með markvissum aðgerðum hefur tekist að forða því að sá kynjaheimur náttúrunnar sem borginnar eru verði sandi orpnar og eyðingu að bráð.

Endurheimta fyrri landgæði

„Landgræðslan hefur að leiðarljósi að náttúran sjái að mestu um endurheimt fyrri landgæða. En oftast er unnið að uppgræðslu eftir þörfum til að hefta jarðvegsrofi og búa í hagin fyrir landnám gróðurs. En ferlið tekur langan tíma, 50 til 100 ár þar til land hefur fengið náttúrulega ásýnd og eðlilegur gróður viðkomandi svæðis hefur tekið yfir.“

Mikilvægt er, að mati Örmu, þegar

landgræðslufólk sinnir starfi sínu af hugsjón. „Þeir sem endast best í slíku starfi er fólkið sem brennur af áhuga fyrir landinu. Þjóðina skiptir miklu að eiga slíkt fólk,“ segir Arna sem sjálf kveðst þó una sér best í tæknistarfinu; að afla gagna um ástand landsins og leggja línur um starfið samkvæmt því. „Ég er ekki ræktunarmanneskja, hef ekki þessa grænu fingur sem svo eru kallaðir. Hins vegar get ég vissulega heillast af landgræðslu þegar hún byggist á að fela bændum og öðrum umráðahöfum lands uppgræðslu þess, með Landgræðsluna sem bak-hjarl, eins og gert hefur verið á undanföllum árum. Slíkt tel ég raunar einhverju árangursríkustu leiðina sem hægt er að fara.“

Alþjóðlegt samráðsþing á aldarafmæli landgræðslu á Íslandi:

Einstakri reynslu miðlað til annarra þjóða

Samspil hinna hnattrænu umhverfis- og félagslegu viðfangsefna er efni alþjóðlegs samráðsþings sem Landgræðsla ríkisins efnir til í tilefni af aldarafmæli landgræðslu á Íslandi. Þingið ber heitið International Forum on Soils, Society and Global Change, eða alþjóðlegt samráðsþing um jarðvegsvernd, samfélög og hnattrænar breytingar, og fer þingið fram fer fram á Selfossi dagana 31. ágúst til 4. september næstkomandi. Megintilgangur samráðsþingsins er að ræða mikilvægi jarðvegsverndar og aukins landgræðslustarfs



Litbrigði jarðar. Á þessari mynd úr Sámstaðamúla yfir Þjórsárdal, sést vel hverju landgræðslustarfið skilar og hve skemmtilegan svip það setur á landið.

í heiminum til að ná sameiginlegum markmiðum alþjóðasamfélagsins um varnir gegn loftslagsbreytingum, uppblæstri og myndun eyðimarka, ásamt markmiðum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, betri landkosti og auk- ið fæðuöryggi fyrir jarðarbúa. Meðal samstarfsaðila að ráðstefnunni eru Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskóli Íslands og Bændasamtök Íslands, auk margra alþjóðlegra stofnana, samninga og samtaka, s.s. Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Þróunarstofnunar Sp og Alþjóðlegu bændasamtakanna. Á samráðsþingið verður boðið um 100 erlendum og 40 innlendum sérfræðingum, fulltrúum alþjóðlegra stofnana og samninga, samtaka bænda, fólki á sviði stefnumótunar og úr viðskiptalífi. Meðal annarra munu forstjórar FAO, Samningsins

um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og aðstoðarforstjóri bandarísku landgræðslunnar flytja erindi á þinginu. Áhersla verður einnig lögð á að kynna landgræðslustarfið hér á landi og hvernig tekist hefur að virkja bændur, sveitarfélög jafnt sem almenning til samstarfs um þetta mikilvæga verkefni. Samráðsþingið er stökkipallur fyrir Íslendinga til að koma á framfæri hinni miklu reynslu sinni og þekkingu í tengslum við vernd og endurreisn landkosta og undirstrika þann árangur sem náðst hefur. Þingið mun verða farvegur fyrir samstarf sem mun skila okkur og alþjóðasamfélaginu miklu, m.a. á sviði menntunar og rannsókna. Þetta er viðamikill alþjóðlegur viðburður sem mun styrkja ímynd Íslands á erlendum vettvangi.

Landverndarsvið sinnir verkefnum um allt land:

Auga fyrir landinu

„Góður landgræðslubóndi þarf að hafa glögggt auga fyrir landinu. Skilja hvernig eitt leiðir af öðru í gangverki náttúrunnar og hvernig má grípa inn í þróunina áður en í óefni er komið. Almennt finnst mér þekking bænda í þessum efnum vera góð og margir þeirra hafa mikla reynslu af að nýta sitt land á sjálfbæran hátt og bæta það til dæmis með uppgræðslu. Eigi að síður geta þeir alltaf sótt ráð til okkar, enda byggir verkefnið Bændur græða landið á því,“ segir Björn H. Barkarson, sviðsstjóri landverndarsviðs Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti.

Verkefni landverndarsviðs eru býsna fjölbreytt. Undir það heyrir meðal annars starfsemi héraðssetra stofnunarinnar sem eru sjö talsins en hlutverk starfsmanna þeirra er umsjón með verkefnum á sviði landgræðslu í héraði, samstarf við heima-menn, bændur og sveitarfélög og ýmiskonar fræðsla.

Fræðsla til þeirra sem nýta landið

Að öðru leyti má segja að starfsemi sviðsins snúist um að skipuleggja og sinna beinum aðgerðum til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs, en rauði þráðurinn í því starfi er verndun vistkerfa, með sjálfbæra þróun í fyllingu tímans að leiðarljósi. „Gróðurverndarstarf miðar að því að nýting jarðvegs og gróðurs gangi ekki á þær auðlindir og að því markmiði er einkum unnið með fræðslu til þeirra sem nýta landið, t.d. bænda. Einnig hefur tenging opinbers stuðnings við beitarnýtingu eins og í sauðfjárrækt þokað landnýtingarmálum talsvert fram á við,“ segir Björn.

Uppgræðslustarf er einkum á hendi bænda og félagasamtaka um allt land. Þá heyra varnir gegn landbroti af völdum fallvatna undir landverndarsvið, sem í flestum tilvikum felst í að grjórtverja bakka þar sem landbrot á sér stað.

„Í rauninni má segja að við vinnum í flestum tilvikum að framgangi þeirra mála sem heyra undir landverndarsviðið í gegnum hér-aðsfulltrúana. Þeir eru augu og eyru stofnunarinnar. Auðvitað eru áherslur ólíkar á milli svæða. Þannig eru verkefni sem okkar fólk sinnir, til dæmis á Hvanneyri og Hólum í Hjaltadal, ekki síst landnýtingarmál, svo sem vegna beitarálags og bæði þessi hér-adssetur tengjast búnaðarháskólunum tveimur náði. Mikill þungi er á uppgræðslustarf í Þingeyjarsýslunum en yfirumsjón með þeim verkefnum hafa starfsmenn okkar á Húsavík. Á Egilsstöðum hafa komið til mörg verkefni í tengslum við þær miklu framkvæmdir sem þar hafa verið í gangi en á Austurlandi er unnið mikið að uppgræðslu. Þá eru fjölmörg verkefni í gangi á Suðurlandi og þau heyra undir héraðssetrin á Kirkjubæjarklaustri, í Gunnarsholti og í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi,“ segir Björn sem hefur starfað hjá Landgræðslunni í tólf ár.

Ábatasamur atvinnuvegur

Fyrr á árum voru samskipti bænda og landgræðslumanna oft stíð og ekki er ofsagt að þau hafi verið lituð tortryggni á báða bóga. Í dag eru þessi viðhorf gjörbreytt og þakkar Björn Barkarson það meðal annars verkefninu Bændur græða landið, enda er grunnhugsun þess að uppgræðsla sé allra hagur.

„Samskiptin gátu verið býsna erfð hér í eina tíð, það er á þeim tíma þegar ofbeit vegna sauðfjár var stórt vandamál rétt eins og offramleiðsla í greininni. Með jafnvægi í framleiðslu hafa skapast allt önnur viðhorf.

Ásókn þéttbýlisfólks út á land hefur stórhækkað verð á öllu landi. Nú geta mikil verðmæti falist í tiltölulega litlum landspildum og við slíkar aðstæður getur landgræðsla einfaldlega verið ábatasamur atvinnuvegur.“

Jafnréttisgrundvöllur

Loftmyndir gefa haldgóðar upplýsingar um ástand gróðurs á hverjum tíma. Þunginn í gróðureftirlitinu er þó sá að starfsfólk Landgræðslunnar fer reglulega út á akurinn og kannar aðstæður og sér fljótt – sakir kunnugleika – ef hlutirnir eru í ólagi.

„Allar áherslur í okkar starfi eru langtíamál og sá lagarammi sem



„Skilja hvernig eitt leiðir af öðru í gangverki náttúrunnar,“ segir Björn H. Barkarson sem stýrir landverndarsviði Landgræðslunnar.

stofnuninni er markaður gerir okkur líka illmögulegt að fara í einhverjar skyndiaðgerðir. Ef hrossabóndi nýðir niður land sitt með ofbeit þannig að hætta á landspjöllum skapast þá höfum við mjög ófullkomnar og takmarkaðar heimildir til aðgerða. Það er frekar að dýralæknir geti gert eitthvað róttækt í málunum, þá með vísan til sjónarmiða og laga um búfjárvernd. Í þessu efni hefði ég þó gjarnan viljað sjá breytingar, en því miður hefur ekkert þokast fram í því efni. Samvinna okkar, við til dæmis hrossabændur, hefur þó eigi að síður skilað miklum árangri, ofbeit er ekki sama vandamálið og var. Það tel ég sanna mikilvægi þess að samstarf við bændur og eins fræðsla um nýtingu og vernd landsins fari fram á jafnréttisgrundvelli – því í jákvæðu andrúmslofti næst jafnan bestur árangur.“



Við viljum gera enn betur

Frá árinu 1990 hefur OR gróðursett meira en 350 þúsund plöntur og þannig bundið tæplega 1.400 tonn af koltvísýringi sem er töluvert meira en fellur til vegna eigin orkunotkunar. Í ljósi sögu og stefnu OR í umhverfismálum er eðlilegt framhald að fyrirtækið eigi aðild að Kolviði. Með þátttöku sinni mun OR skuldbinda sig til að binda meiri koltvísýring en fellur til af orkunotkun fyrirtækisins sjálfs og allra starfsmanna hennar, hvort sem er í vinnutíma eða frítíma. Við hvetjum landsmenn til að gera slíkt hið sama og kolefnisjafna bílinn sinn á www.kolvidur.is



Kolviður er kolefnissjóður sem stofnaður er af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Markmið Kolviðar er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Bakhjarla Kolviðar eru ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupbing. Vefsíð Kolviðar er www.kolvidur.is.



• Orkuveitan styrkir skógrækt í Skólaskógum, Bernskuskógi, Straumnesi við Úlfliótsvatn og á fleiri stöðvum. Með skógræktinni leggur Orkuveitan sitt af mörkum til þess að binda CO2 í andrúmsloftinu og hjálpar til við að koma í veg fyrir gróðurhúsaáhrifin.

www.or.is

Rannsóknaverkefni Landgræðslunnar eru mörg og fjölbreytt:

Lesið í landið

Kröfur um hverju uppgræðsla landsins eigi að skila samfélaginu hafa breyst mikið á undanförnum árum. Áður lutu þær einkum að þörfum hefðbundins landbúnaðar, það er að rækta tún og beitarlönd vegna til dæmis sauðfjárræktar. Í dag er landnýting hins vegar með allt öðrum hætti og verkefni Landgræðslu ríkisins taka mið af því. „Þær aðferðir sem við fylgjum í rannsóknastarfi okkar koma margar hverjar erlendis frá, en hafa verið heimfærðar upp á íslenskar aðstæður. Við fáum margsvíslegar upplýsingar frá landupplýsinga- og landverndarsviðum stofnunarinnar sem við svo lesum í

og drögum ályktanir af,“ segir Guðmundur Halldórsson, sem veitir rannsóknasviði forstöðu.

Eitt af stærri viðfangsefnunum í dag eru Hekluskógar. Með ræktun þeirra er ætlunin að endurheimta birkiskógana í nágrenni hins fræga eldfjalls sem hefur valdið þungum búsisfjum í tímans rás. Um er ræða skógrækt á alls um 62 þúsund ha svæði eftst á Rangárvöllum, í Landsveit og Þjórsárdal og þaðan svo allt upp undir Hrauneyjar. Birkiplöntur verða þó aðeins gróðursettar í um 3.600 ha. svæði, það er í einskonar eyjar sem gróðurinn á að sá sér út frá.

Metur gildi landgræðslu út frá nýjum mælikvörðum:

Fegurð og félagsfræði skipta máli

Á síðustu árum hefur æ meiri áhersla verið lögð á að skipuleggja landgræðsluverkefni út frá fjölpættum markmiðum, svo sem samfélagslegum þörfum og náttúrulegum gildum. Hingað til hefur árangur þeirra einkum verið metinn út frá vistfræðilegum forsendum en breyttir tímar kalla á að fleira sé lagt til grundvallar. Félagsleg sjónarmið, fagurfræði og hagrænar forsendur eru í dag ekki síður taldar skipta máli ef landgræðsla á að skila árangri til framtíðar. Þetta er meðal helstu niðurstaðna í meistaraprófsverkefni Þórunnar Pétursdóttur, héraðsfulltrúa Landgræðslunnar á Vesturlandi.

Meta má landgræðslu og árangur hennar út frá mörgum mælikvörðum, segir Þórunn. Einn þeirra er að athuga upplifun fólks af endurheimtu landi og bera saman við vistfræðilegt árangursmat. Þannig skoðaði Þórunn áhrif mismunandi landgræðsluaðferða á framvindu gróðurs og jarðvegs á ríflega fimm ára gömlu landgræðslusvæði við rætur sunnanverðs Hafnarfjalls. Því til viðbótar útbjó hún viðhorfskönnun og fékk Borgfirðinga og fólk í nærliggjandi byggðum til að leggja mat á ásynd hverrar land-

græðsluaðferðar út frá mismunandi forsendum.

Meta ásynd hærra

Að sögn Þórunnar höfðu allar landgræðsluaðferðirnar aukið þekju gróðurs umtalsvert eða úr að meðaltali 6% upp í 90% þar sem hún mældist mest. Þórunn segir að þátttakendur í viðhorfskönnuninni hafi metið ásynd áborinna landgræðslusvæða í öllum tilvikum hærra en ásynd ógróins viðmiðunarsvæðis en ásynd lúpínusvæðis var metin lágt.

Þórunn segir að niðurstöður rannsóknarinnar muni nýtast vel við mótun og markmiðssetningu nýrra landgræðsluverkefna. Ljóst sé að vistfræðilegar forsendur verði alltaf grunnur að endurheimt vistkerfa en verkefnin þurfi jafnframt að njóta samfélagslegs stuðnings og viðurkenningar. Því geti vitneskja um viðhorf fólks til mismunandi uppgræðsluaðferða stuðlað að því að endurheimt eyddra vistkerfa verði unnin enn frekar í sátt við samfélagsleg gildi. Hún telur þessa nálgun jafnframt gagnast við mat á áhrifum hvers konar landnýtingar sem felur í sér varanlegar breytingar á ásynd lands.



Þórunn Pétursdóttir, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Vesturlandi.



„Auðvitað munar um framlag Íslands í baráttunni gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda og hlýnun andrúmsloftsins,“ segir Guðmundur Halldórsson, rannsóknastjóri Landgræðslunnar.

„Íslensk stjórnvöld hafa markað þá stefnu að draga úr útblæstri koltvísýrings um 50 til 70% fram til ársins 2050, sem er í samræmi við Loftlagssamning Sameinuðu þjóðanna.“

Með undraverðum hraða

„Þetta er risastórt verkefni sem mun taka áratugi. Með samkomulagi við fjármála- og landbúnaðarráðherra, sem gert var skömmu fyrir kosningar, komumst við nokkuð áleiðis með málið. Við höfum hins vegar reiknað út, að ef við höfum úr 150 milljónum kr. að spila á ári vinnist þetta á hálfrí öld. Með samkomulaginu við ríkið er búið að tryggja fimmtíu milljónir á ári næsta áratug og visslega munar heilmikið um slíkt,“ segir Guðmundur sem bætir við að í skógræktarverkefnum eins og þessum – sem byggjast á sjálfsáningu – snúist málið um veldisvöxt; það er að fá boltann til að rúlla.

„Þegar sjálfsáningin er komin á legg gerast hlutirnir með undraverðum hraða. Við höfum því fulla ástæðu til bjartsýni og það hve vel hefur tekist til með skógrækt hér við Gunnarsholt, í Þjórsárdal og víðar gefur fulla ástæðu til bjartsýni.“

Framlag gegn útblæstri

Að undanfögnu hefur starfsfólk Landgræðslunnar meðal annars unnið að rannsóknum á svepprót. Þýðingarmikið er, að sögn Guðmundar Halldórssonar, að efla rannsóknir á þessu sviði, enda sér svepprótin plöntum fyrir efnum eins og fosfór og nitur sem eru þeim afar mikilvæg. Þá eru rannsóknir á sviði kolefnisbindingar veigamikill þáttur í starfseminni, enda hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að taka forystu á heimsvísu við takmörkun á útblæstri koltvísýrings. Kolefnisbinding með landgræðslu er afar þýðingarmikill þáttur í því að draga úr koltvísýringsmengun í andrúmsloftinu. Því er mikilvægt að fylgjast með framvindu loftslagsmála og það mun Landgræðslan meðal annars gera með mælingu kolefnis á landgræðslusvæðum á alls um þúsund stöðum hringinn í kringum landið og verða þær mælingar gerðar á næstu árum.

„Jú, auðvitað munar um framlag Íslands í baráttunni gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda og hlýnun andrúmsloftsins. Íslensk stjórnvöld hafa markað þá stefnu að draga úr útblæstri koltvísýrings um 50 til 70% fram til ársins 2050, sem er í samræmi við Loftlagssamning Sameinuðu þjóðanna sem var okkur Íslendingum mjög hagfelldur. Verkefni eins og Hekluskógar eru líka mjög mikilvægt í þessu sambandi. Ætla má að hver hektari birkiskóglendis á Hekluskógasvæðinu bindi um þrjú tonn af koltvísýringi á ári, þannig að binding Hekluskóganna fullvaxinna verður alls 186 þús. tonn á ári.“

Mikilvægi óspillts lands fer vaxandi

Við mat á umhverfisáhrifum vegna hverskonar framkvæmda er horft til verndunar fjölmargra þátta, svo sem dýralífs, gróðurs, vatnsbúskaps, menningarminja og svo framvegis. Athyglisvert er hins vegar í þessu sambandi að hagsmunir mannsins virðast oftar en ekki metnir sem afgangsstærð og náttúran nýtur alls vafa. Guðmundur Halldórsson segir fulla ástæðu til að gefa þessu sjónarmiði gaum, en mikilvægt sé þó að horfa heildstætt á hlutina.

„Það gengur ekki upp að skilja manninn frá öðru í náttúrunni og setja alltaf í fyrsta sæti það sem honum gagnast best til skamms tíma. Hagsmunir fólks verða ef til vill að fáum árum liðnum allt aðrir en þeir eru í dag. Ef gengið er á náttúruna og höfuðstól hennar kemur slíkt okkur í koll fyrir eða síðar. Í dag er allt land orðið mjög verðmætt og ræktaðar afurðir hverskonar eru margfalt verðmætari en áður. Mikilvægi óspillts lands með tilliti til útivistar fer jafnframt sífellt vaxandi, læknisfræðilegar rannsóknir sýna að útivera í grónu landi gerir fólki ákaflega gott. Starf og rannsóknir Landgræðslunnar þurfa að taka mið af þessu; það að koma á legg grónum svæðum sem henta til útiveru er í rauninni stórmál. Því hef ég stundum talað fyrir mikilvægi þess að Landgræðslan ráði til sín félagsfræðing sem þekkir samspils manns og náttúru, því mikilvægt er að stofnunin svari jafnan kalli tímans með rannsóknum sínum.“

Bændur og ferðamenn taka höndum saman:

Náttúran nýtur góðs af

Samstarfsverkefni Ferðapjónustu bænda, Landgræðslu ríkisins og Skógræktarfélags Íslands var hleypt af stokkunum á Degi umhverfisins, 25. apríl sl. Verkefninu er ætlað til að vekja athygli á þeim staðbundnu vandamálum sem tekist er á við með landrækt og skógrækt á Íslandi, ásamt því að benda ferðamönnum á leiðir til að bæta þann skaða sem ferðalög valda umhverfinu, t.d. við útlosun gróðurhúsalofttegunda við flug- og bílumferð.

Bodið var til morgunfundar á Kríunesi við Elliðavatn og verkefnið kynnt. Að því loknu var gengið út til gróðursetningar á nokkrum plöntum og hugað að gróðurþekju.

Verkefni þessu er ætlað að vekja athygli almennt á landgræðslu og skógrækt og er þar jafnt höfðað til ferðapjónustubænda, ferðamanna og annarra þeirra sem útteila fjármunum til þessara mikilvægu mála. Þannig má segja að allir aðilar komi jákvætt út úr þessu verkefni, jafnt bændur, ferðamenn, skógræktarmenn og landgræðslumenn og náttúra Ís-



Bæta landið. Guðjón Magnússon og Björn Barkarson frá Landgræðslu ríkisins, Wolfgang Uhlig, þýskur ferðamaður, Marteinn Njálsson frá Félagi ferðapjónustubænda, Einar Gunnarsson, skógræðingur Skógræktarfélagi Íslands og Björn Ingi Stefánsson, ferðapjónustubóndi á Kríunesi.

lands ásamt því að umhverfið og loftslag í stærra samhengi nýtur góðs af.

„Fyrir um fimm árum síðan samþykkti aðalfundur okkar að Ferðapjónusta bænda myndi stefna að því að vera leiðandi í umhverfismálum í ferðapjónustu á Íslandi. Síðan þá höf-

um við sett okkur umhverfisstefnu og leitast við að framfylgja henni á ýmsan hátt. Þetta er því alveg í anda þeirrar vinnu, en um þetta verkefni höfum við notað slagorðið Bændur og ferðamenn taka höndum saman,“ segir Marteinn Njálsson, formaður stjórnar FB.

Héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Norðurlandi vestra:

Menn rækta sjálfa sig í leiðinni

Landnýtingar- og beitarmál, bæði á bújörðum og á afréttum eru meðal áherslumála í starfi héraðsseturs Landgræðslunnar á Hólum í Hjalta-dal. „Við erum í nánú samstarfi við hrossabændur í Skagafirði og Húna-vatnssýslum um beitarmál og höfum meðal annars gert kort yfir einstakar bújarðir og ástand hrossahaga. Með því starfi fullyrði ég að verulegur árangur hafi náðst á undanförunum árum. Tilvikum, þar sem einstök beitarrhólf og jafnvel heilu jarðirnar eru ofsetnar, hefur fækkað verulega á síðustu árum,“ segir Bjarni Maronsson héraðsfulltrúi.

Alls eru 112 aðilar á Norðurlandi vestra þátttakendur í verkefninu Bændur græða landið, fjöldinn er 67 í Skagafirði og 45 í Húnavatnssýslum. „Menn koma að þessum verkefnum á mismunandi forsendum, enda eru jarðirnar sem þeir hafa yfir að ráða hver annari ólíkari. Það hefur sýnt sig að þetta verkefni er að skila gífurlegum árangri í að efla gróður á illa förunum landsvæðum,“ segir Bjarni Maronsson.

„Þeir sem reka stærstu búin hafa jafnframt bestu tækifærin til að sinna landgræðslustarfinu, enda með besta vélakostinn og af sjálfru sér leiðir að

eftir því sem búin verða stærri fellur meira til af skít, moði og heyrúllum sem koma í góðar þarfir þegar græða skal landið. Mestu skiptir samt að menn hafi þekkingu á landinu. Hlífir því til dæmis á sprettutímanum, sem er mjög mikilvægt. Landbótastarfið leiðir svo oft til þess að menn fara að rækta sjálfa sig í leiðinni; hugarfarið breytist og tengslin við náttúruna verða önnur og sterkari.“

Starfi héraðsfulltrúans fylgir að ferðast um sveitirnar, athuga ástand gróðurs og taka hús á mönnum sé eitthvað í ólagi. „Landgræðslan hefur ekki heimildir til beinna inngripa í mál og því förum við mjúku leiðina, sem oft er affarasælast,“ segir Bjarni.

„Menn, sem lengi hafa stundað búskap, vita flestir hvar þanþol landsins liggur, en nýliðum, til dæmis í hrossaræktinni hættir til að fara of geyst af stað og ofbjóða högunum. Það er mikilvægt að slíkir fái fræðslu svo málin komist í gott horf. Síðan er því ekkert að leyna að einstaka menn eru það sem kalla má búskussar. Þeim fer þó fækkaandi. Árið 2000 átti Félag hrossabænda frumkvæði að gæðastýringu í hrossarækt og fékk Landgræðsluna til að annast landnýtingarþátt hennar. Nú tekur 41



„Verulegur árangur hefur náðst,“ segir Bjarni Maronsson.

hrossabú þátt í landnýtingarþætti gæðastýringarinnar. Fullyrða má að þetta samstarf Landgræðslunnar og hrossabænda hefur skilað verulegum árangri í bættri beitarmenningu,“ segir Bjarni. Þess má geta að umsjón með þessu verkefni hefur verið á héradsstærtnu að Hólum.

Sauðfjárbeit og mótun áherslna þar hafa verið töluverður þáttur í

starfi Bjarna Maronssonar. Þar, líkt og í öðru starfi Landgræðslunnar, er lögð áhersla á góða samvinnu við bændurna sjálfa sem í dag þurfa að haga beit samkvæmt ákvæðum búvörusamnings um gæðastjórnun. Einnig eru fyrirhleðslumál vegna landbrots af völdum fallvatna stór þáttur í starfi Bjarna.

Þjórsárskóli:

Nemendur taka til hendinni

Fyrir fjórum árum hófst samstarf á milli Landgræðslunnar, Þjórsárskóla og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um uppgræðslu lands í Hrossatungum í Þjórsárdal, skammt frá Gjánni. Þarna er mikill vikur enda hefur svæðið orðið illa úti vegna öskufalls í Heklugosum í aldanna rás.

Verkefnið sem við blasti þegar landgræðslufólk hófst handa var ekki kræsilegt; það er hátt og vikurkennt rofabarð en uppi á því hin vöxtulegasti birkiskógur. Í skóginum vex auk birkis gulvíðir, loðvíðir og einir og eru stærstu birkitrén um 6 metra há. Það var því til mikils að vinna að stöðva jarðvegsrofið sem þarna hefur geysað um langan tíma.

Síðla hausts 2002 var farið með heyrúllur og þeim blásið með tæta í barðið og í kjölfarið komu skóla-börnin og sáðu grasfræi í það. Vorið eftir var sáð með sáðvél í vikurbreiðuna neðan barðsins. Verkefni skóla-barnanna á liðnu hausti var að klippa víðigræðlinga við Stöng þar sem Gaukur bjó forðum.



Nemendur Þjórsárskóla við Stöng.



LANDSNET



HYTTA HÚSB / SJÁ / ÚTSYND BRT MED LEYTI NASÁ

RAFORKUFLUTNINGUR

- OKKAR FAG

Landsnet hf. óskar Landgræðslu ríkisins til hamingju með 100 ára afmælið og þakkar samstarf við uppgræðslu lands á umliðnum misserum.



Landsnet gegnir lykilhlutverki í markaðsvæðingu raforkukerfisins. Starfsemi þess snertir hvert byggt ból og Íslendinga alla.

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Til flutningskerfisins teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína, samtals um 3000 km af línunum. Landsnet á og rekur einnig um 70 tengivirki víðs vegar um land.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Höfuðstöðvar Landsnets eru að Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík. Síminn er 563 9300. Heimasíða: www.landsnet.is.





MERKI UM GÓÐA FERÐ

SÍMI 440 1100
WWW.N1.IS

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki sem veitir fólki og fyrirtækjum afburðaðþjónustu á sviði bílatengdrar starfsemi ásamt heildarlausnum í rekstrarvörum og eldsneyti til fyrirtækja. Við höfum 115 afgreiðslustaði um allt land, þjónustustöðvar, verslanir, hjólbarða- og smurþjónustu og öfluga fyrirtækja-þjónustu – við erum alls staðar í leiðinni með fjölbreyttar lausnir. **N1 - Meira í leiðinni**



Hekluskógar verða 1% af Íslandi og rækta á 62 þúsund ha. skóg:


Einstakt verkefni á heimsvísu

Hekluskógar spanna gríðarstórt svæði, sem nær yfir efsta hluta Rangárvalla og Landsveitar og Þjórsárdal og þaðan upp á hálendisbrúnina.

„Hugmyndin um ræktun Heklu-skóga hefur hvarvetna fengið góðar undirtektir og með þeim framlög-um sem verkefninu hafa þegar verið tryggð er það strax komið á góðan reksþól. Bæði sjá menn fyrir sér að skógrækt í nágrenni Heklu sé góð leið til að græða landið upp en ekki síður til að binda kolefni í andrúms-loftinu, en vitundin fyrir mikilvægi þess verður stöðugt meiri,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason, formaður samráðsnefndar Hekluskóga.

Í skógræktarstarfi skiptir miklu að hugsa stórt og langt fram í tímann. Þetta tvennt sameinar Hekluskóga-verkefnið, þar sem er ætlunin að endurheimta hina fornu birkiskóga í ná-grenni eldfjallsins fræga. Alls um 92 þúsund ha. eru undir í Hekluskóg-um, eða tæpt 1% af flatarmáli lands-ins. Um 70% þessa svæðis er lítt gró-inn eða á í vök að verjast vegna sand-foks. Aðeins um 30% svæðisins er vel gróið. Til stendur að rækta skóg á um 62 þús. ha., það er birki og víðíkjarr sem minnka myndu vikurfok í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu.

Gróður breiðist út með sjálfsáningu
Uppgræðsla með harðgerðum gróðri eins og til dæmis melgresi verður fyrsti áfangi Hekluskógaverkefn-isins. Sú uppgæðslan kemur til með að stöðva sandfok, auka lífræn efni í jarðvegi og koma af stað lífrænum sem ólífrænum ferlum í jarðvegi. Áhersla verður lögð á ræktun trjá-lunda með það fyrir augum að gróð-ur þar breiðist út með sjálfsáningu. Í áður gróin svæði verður kostað kapps að efla víðigróður, birkitré og belg-jurtir. „Hugmyndin er að græða upp land með sáningum eða áburðargjöf eftir því sem við á. Gróðursetja á birkiplöntur og víðigræðlinga í lund, um það bil einn lund á hvern hekt-ara. Birki og víðir eru þar tegundir sem hvað fljótastar eru að mynda fræ og sá sér út,“ segir Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi.



Viða í nágrenni eldfjallsins mikla eru skógar, sem sýnir og segir ræktunarmön-n um hvað er í raun mögulegt.

Mikið undirbúningsstarf
Síðustu misserin hefur verið unn-ið mikið undirbúningsstarf vegna Hekluskóga, svo sem við áætlanagerð og skipulagsvinnu, fjármögnun og rannsóknir. Vinnu við kortagerð og frumáætlanir er lokið, en eftir er að ljúka skipulagsvinnu. Sömu leiðis seg-ir Hreinn að líklegt sé að Skipulags-stofnun krefjist þess að umhverfisá-hrif Hekluskóganna verði metin. Framkvæmdir við Hekluskóga

hófust á síðasta ári. Þær voru að nokkru áframhald á fyrra starfi Landgræðslunnar, Skógræktar rík-isins, skógræktarféлага á svæðinu og Landsvirkjunar, en nú er unnið undir nýjum formerkjum. Nokkrir bænd-ur á svæðinu hafa einnig grætt upp land með góðum árangri í tengslum við verkefnið Bændur græða land. Nefnir Hreinn þar sérstaklega fram-lag bændanna Næfurholts og Hóla á Rangárvöllum, en þar er birki farið að sá sér út í land sem borið hefur verið á í nokkur ár. Birkiplöntur og víðigræðlingar voru gróðursettar í trjálundi alls um 130 þúsund stykki auk þess sem sumarvinnuhópar Landsvirkjunar og félagar í Skógrækt-arfélag Rangæinga hafa gróðursetti tugir þúsunda plantna. Þá hafa fram-haldsskólanemar safnað miklu magni af birkifræi sem notað verður til plöntuframleiðslu.

Áfram um kolefnisbindingu
Að sögn Ísólfs Gylfa Pálmasonar er fjármögnun Hekluskógaverkefnisins komin vel á veg. Skömmu fyrir kosn-ingar var undirrituðu fjármálaráð-herra og þáverandi landbúnaðarráð-herra samning sem kveður á um 500 millj. kr. framlag til verkefnisins á næstu tíu árum, það er 50 milljónir á ári. Þá var fyrir skömmu undirritaður



„Við bjóðum fólki að helga sér svæði, sjá um einn skógarlund sem síðan stækkar í fyllingu tímans,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason formaður samráðsnefndar um Hekluskóga. Myndin er tekin þegar hann og Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu, undirrituðu á dögnum samning um aðkomu bílaumboðsins að verkefn-inu.



„Miðað við stærð þess svæðis, sem yrði grætt upp, þá er þetta ákaflega ódýr framkvæmd,“ segir Hreinn Ósk-arsson skógarvörður á Suðurlandi.

verið eyðilagðar og það hefði meðal annars leitt til flóðanna með sínum hrikalegu afleiðingum. „Hekluskógar eru einstakt verk-efni, ekki bara hérlendis heldur á heimsvísu, enda fá endurheimt-arverkefni til af þessari stærðargráðu. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að verkefnið kostaði um sex milljarða og það yrði unnið á 30 til 50 árum. Mörgum þykja þetta vera stórkost-legar upphæðir, en miðað við stærð þess svæðis, sem yrði grætt upp, þá er þetta ákaflega ódýr framkvæmd eða um 60-70 þúsund kr. á hvern hektara lands,“ sagði Hreinn Óskarsson.

Kolefnisbókhald:

Mælar á þúsund stöðum

Landgræðslan undirbýr nú uppsetn-ingu á mælineti til þess að halda ut-an um kolefnisbókhald landgræðslu-svæða. Mælingar verða gerðar á um eitt þúsund stöðum um allt land. Þannig verður unnt að ákvarða heildarbindingu kolefnis í land-græðslu.

Um er að ræða brautryðjenda-starf og Ísland er í forystuhlutverki á þessu sviði. Þessar mælingar gefa kost á söfnun mjög verðmættra vís-indalegra upplýsinga sem hafa verlega þýðingu á alþjóðavísu. Miklar kolefnismælingar hafa verið gerðar hér á landi. Þær sýna að kol-efnisbinding með landgræðslu er mjög breytileg eftir aðstæðum. Sem dæmi má nefna að á svæðum í ná-grenni Gunnarsholts á Rangárvöll-um hefur árleg koltvísyringsbinding verið um 3,8 tonn á hektara eða 380 tonn á ferkílómetra.

Opið hús

í Gunnarsholti



1907 - 2007
Landgræðsla í 100 ár

Opið hús verður hjá Landgræðslu ríkisins í Gunnars-holti á Rangárvöll-um laugardaginn 30. júní nk. frá 14:00-17:00.

Verið velkomin!

Starfsfólk Landgræðslunnar

Hekla er öflugur bakhjarl Hekluskóga:

Hugmyndafræðin er áhugaverð

Hekluskógar njóta rausnarlegs stuðnings HEKLU hf. sem styrkir verkefnið um allt að tíu milljónir á ári, næstu þrjú árin. Samningar þar um voru undirritaðir á dögnum af Knúti G. Haukssyni, forstjóra HEKLU og Ísólfi Gylfa Pálmasyni, formanni samráðsnefndar Hekluskóga. Þar er kveðið á um að allur akstur á vegum bifreiðaumboðsins sjálfs verði kolefnisjafnaður aukinheldur sem fyrirtækið greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagenbíla til eins árs og njóta Hekluskógar ávinningsins.

„Volkswagen hefur á undanförunum árum verið mjög framarlega í framleiðslu og markaðssetningu umhverfisvænna bíla. Þeir eru til dæmis með frábærar mengunar- og eyðslulitlar díselvélar og eins bíla sem ganga fyrir metangasi en af þeim seljum við meira en nokkurt annað bílaumboð hér á landi. Þá erum við að koma með svokallaða BlueMotion bíla frá Volkswagen snemma á næsta ári sem verða enn sparneytnari og menga enn minna, svo þróunin er öll í sömu átt,“ segir Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu hf.

Eyðing skóga er hnattrænt vandamál

Hugmyndin um stuðning við Hekluskóga í tengslum við kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagenbíla sem Hekla selur varð til hjá fyrirtækinu sjálfu og var búin að vera að gerjast í þó nokkuð langan tíma.

„Hvarvetna í heiminum er vaxandi hreyfing í þá átt að bæta fyrir koltvísýringismengun bíla, sem fer sívaxandi eftir því sem bílaflotinn stækkar, með gróðursetningu og landgræðslu. Okkur fannst blasa við, út frá nafninu, að ganga til samstarfs við Hekluskóga og eftir að hafa rætt við aðstandendur verkefnisins sannfærðumst við fljótt um að þetta væri áhugavert fyrir okkur,“ segir Knútur og bætir við að mikill áhugi sé líka fyrir verkefninu hjá stjórnendum Volkswagenverksmiðjanna í Þýskalandi.

„Þegar við vorum að undirbúa málið vorum við í nánú samstarfi við verksmiðjurnar ytra og fengum mjög jákvæð viðbrögð þaðan. Fólki þar finnst hugmyndafræðin að baki Hekluskógunum mjög áhugaverð og talar um að hana mætti útfæra víðar því eyðing skóga er hnattrænt vandamál. Það hefur líka vakið athygli þeirra hve mikið selst af bílum hér sem ganga fyrir metangasi, miðað við smæð markaðarins.“

Framtak til eftirbreytni

Í umhverfismálum er endurbótareglan svonefnda eins konar meginstef; sá sem mengar skuli bæta skaðann. Í því ljósi má spyrja hvort það sé ekki meineloka af hálfu Heklumanna að greiða fyrir þá mengun sem akstur nýrra Volkswagenbíla veldur. Væri ekki eðlilegra að eigendur þeirra og öikumenn borguðu brúsann?

„Í þessu Volkswagenverkefni erum við að borga um 10 milljónir á ári næstu þrjú árin. Það sem fyrir okkur vakir er einfaldlega að koma málinu af stað, vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi þess að binda kolefnið í andrúmsloftinu og í framhaldinu vonumst við til þess að eigendurnir taki við og styrki skógrækt í einhverri mynd þegar okkar stuðningi sleppir. Við væntum þess jafn-

framt að þetta framtak okkar verði öðrum til eftirbreytni,“ segir Knútur. Hann undirstrikar að Hekla styðji verkefnið af heilum hug og hafi virt endurskoðunarfyrirtæki verið fengið til að tryggja að framlag fyrirtækisins á hverjum tíma sé í samræmi við þau ákvæði sem samningurinn við stjórnendur Hekluskógaverkefnisins kveður á um.



„Viljum vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi þess að binda kolefnið í andrúmsloftinu,“ segir Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu hf. Með honum til hægri á myndinni er Jón Trausti Ólafsson, markaðsstjóri fyrirtækisins.

„Við munum svo í framhaldinu bjóða öllum sem kaupa af okkur bíla, notaða sem nýja, að gerast bakhjarl-

ar Hekluskóganna. Af okkar hálfu er áherslan lögð á Volkswagen því bílar þeirra gerðar hafa verið í forystu hvað

varðar umhverfismál og sparneytni,“ segir Knútur G. Hauksson að síðustu.



Himinn og haf / SÍA

Samstarf sem Vex og Vex!

Hópakort

Hópakort Olís hefur nú verið sent öllum félagsmönnum skógræktarfélaganna. Kortíð bæði tryggir félagsmönnum sérkjör í verslunum Olís og Skógræktarfélagi Íslands tekjur í formi prósentu af þeirra veltu.



Skógræktarfélag Íslands



Oliuverzlun Íslands hf.



Meðan sumir bara tala láta Olís og Skógræktarfélag Íslands hendur standa fram úr ermum. Nýr samstarfssamningur milli félaganna felur í sér margvíslegan stuðning við skógrækt og aðgengi og kynningu á skóglendum. Það er jafnframt hluti af verkefninu **Opinn skógur** en síðan því var hleypt af stokkunum 2002 hafa átta skógarreitir verið opnaðir:

Danielslundur í Borgarfirði
Sólbrekkur á Reykjanesi
Hrútey við Blönduósbæ
Snæfoksstaðir í Grimsnesi
Eyjólfssstaðir á Héraði
Tunguskógur við Ísafjarðarkaupstað
Hofsstaðaskógur á Reykjanesi
Tröð við Hellissand á Snæfellsnesi

Olís og Skógræktarfélag Íslands – samstarf sem vex og vex!



Er haldinn ofurást á þessari flugvél

Fjöldi sjálfbóðaliða kemur með einum eða öðrum hætti að landgræðslustarfinu. Einn þeirra er Karl Hjartarson lögregluþjónn í Kópavogi sem er mikill áhugamaður um flug og þá ekki síst flugsöguna. Í riflega þrjátíu ár hefur flugvélin Páll Sveinsson, sem er af gerðinni Douglas DC-3, verið notuð til áburðardreifingar „...og ég er haldinn ofurást á þessari flugvél, þótt ég geti illa komið orðum að því í hverju sú ást felst,“ segir Karl, sem er meðal forsprakka Þristavinafélagsins svonefnda en Landgræðslan fól því vélina góðu til varðveislu fyrir nokkrum misserum.

Gerðist fótgönguliði

Æskudraumur Karls var að verða flugvirki. Af því varð hins vegar ekki, hann lagði aðra iðngrein fyrir sig og fluttist norður á Húsavík. Gekk svo í lögregluna þar og þannig komst hann í snertingu við landgræðslustarfið.

Á árunum 1975 og fram til 1980 var veitt miklum fjármunum til landgræðslunnar í krafti Þjóðargjafarinnar svonefndu, riflegrar fjárveitingar til uppgræðslu í tilefni ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974. „Aðaldalsflugvöllur var mikið notaður í sambandi við áburðarflugið en með Páli Sveinssyni var dreift áburði og grasfræi, meðal annars í Krákárbotnum og Kelduhverfi. Í einhverri eftirlitsferðinni sumarið 1979 komum við lögreglumennirnir meðal annars við á Aðaldalsflugvelli, þar sem Stefán heitinn Sigfússon bauð mér í flugferð sem ég að sjálfsgöðu þáði,“ segir Karl. Bætir við að þarna hafi áhugi sinn á flugi með DC-3 verið vakinn af alvöru og hann hafi farið að fylgjast með úr fjarlægð og sem áhorfandi.

Gæti verið afar hagkvæmt

Sem kunnugt er, hefur áherslum í starfi Landgræðslunnar verið breytt talsvert á undanfórnum árum. Bændum hefur í sívaxandi mæli verið falið að annast starfið úti á akrinum; það er að dreifa áburði og fræi, girða og svo framvegis. Á sama tíma hefur verið dregið úr áburðarfluginu, sem nú er að umfangi óverulegt miðað við hvað það var. Síðustu árin hefur aðeins verið flogið með áburð frá Reykjavík,

„Áburðarflugið gæti verið afar hagkvæmt ef flugvélin væri nýtt til fleiri verkefna í landgræðslu, sem svo sannarlega eru fyrir hendi.“

Það er á örfoka land á Reykjanesskaganum og við Þorlákshöfn og það ekki nema fáeinar ferðir.

„Því er borið við, að dýrt sé að nota flugvélar við landgræðslustörf þegar umfangið er orðið jafn lítið og raunin er í dag. Þá verði dreifing hvers tonns svo óskaplega dýr. Mér finnst hins vegar ákveðin meinloka felast í þessu viðhorfi; áburðarflugið gæti verið afar hagkvæmt ef flugvélin væri nýtt til fleiri verkefna í landgræðslu, sem svo sannarlega eru fyrir hendi,“ segir Karl

Hreyflahljóðið er fegursta tónlist

„Hljóðið í hreyflum Þristsins hljómar í mínum eyrum eins og fegursta tónlist. Mér finnst engin sínfónía



Myndir skoðaðar af Pristinum. Karl á fjölda mynda vélinni og er vefstjóri Þristavinafélagsins sem heldur úti vefnum www.dc3.is.



Flugkappar. Þessi mynd var tekin í Gunnarsholti meðan landgræðsluflugið var stundað af sem mestu kappi. Á myndinni eru, frá vinstri Harald Snæhólm og Runólfur Sigurðsson flugstjórar.

Hraunsbændur í Ölfusi græða upp landið og árangurinn er góður:

Náttúran er öll á hreyfingu

„Í hlýnandi veðráttu síðustu ára dafnar allur trjágróður miklu betur en áður. Það sjáum við Hraunsbændur glögg, því hér er talsvert af sjálfsáðu birki á þeim svæðum þar sem áin flæðir yfir. Öfusá ber með sér talsvert af fræi úr skóglendi sem með ánni er og þessi skógargróður mun breiða úr sér í framtíðinni og komast vel á legg ef veðráttan verður áfram jafn mild og verið hefur og svæðið fær að vera í friði fyrir ágangi sauðfjár og annars búpenings,“ segir Hrafnkell Karlsson, bóndi á Hrauni í Ölfusi.

Sandfok og gróðureyðing voru um aldir mikið vandamál í vestanverðu

Ölfusi og í Selvogi. Því varð það árið 1938 að Sandgræðsla Íslands helgaði sér og girti af land á þessum slóðum; það er frá Öseyrartanga, sem er í land Hrauns, og allt vestur í Selvog.

Áblástur við ósinn

„Vandinn sem hér er við að glíma stafar fyrst og fremst af þeim mikla sandi sem berst með Ölfusá. Bæði er sandfok hér við ósinn og þegar til sjávar er komið rennur áin svo vestur með landinu. Þar berst sandurinn svo upp í flæðarmálið og því má segja að hér sé náttúran öll á hreyfingu. Því er landgræðsla hér um slóðir eilífðarverkefni, en mikill árangur hefur náðst í seinni tíð,“ segir Hrafnkell Karlsson. Hann bendir á að stóraukinn kraftur hafi verið settur í landgræðslustarf á þessum slóðum í kringum 1975, enda var byggð og útgerð í Þorlákshöfn þá mjög að eflast en var eigi að síður í talsverðri hættu vegna ágangs sandsins. Vegurinn frá Litlalandi í Ölfusi niður að Þorlákshöfn var oft og tíðum ófær vegna sandfoks og íbúar hins vaxandi byggðarlags voru því vanir að sandurinn smygi inn í hús og ylli margvíslegum búsisfum.

Í lögum um Sandgræðslu Íslands voru skýr ákvæði þess efnis að allt land innan girðinga stofnunarinnar skyldi vera í eigu hennar. „Amma mín, Vigdís Sæmundsdóttir, sem þá bjó sem ekkja hér á Hrauni vildi hins vegar ekki sætta sig við það né heldur synir hennar Ólafur og Karl, faðir minn, sem síðar tóku við búskap hér. Þeim var hótad eignanámi sem þeim tókst að humma fram af sér og síðan datt þetta mál upp fyrir þegar landgræðslustjóraskipti urðu upp úr 1940. Málið gufadi upp, það varð gæfa okkar Hraunsbænda.“

Birki og víðir dafna vel

Landgræðslusvæðið í landi Hrauns er um 1.000 ha. Hraunsbændurnir

viðlíka falleg,“ segir Karl sem telur mikilvægt að flugvélinni verði í framtíðinni sýndur sá sómi sem henni ber. Enn í dag séu varahlutir í DC-3 vélar tiltölulega auðfengnir – og um ófyrirsjáanlegan tíma eigi því að vera hægt að halda Páli Sveinssyni í flughæfu ástandi. Í dag séu innan Þristavinafélagsins uppi hugmyndir um að breyta flugvélinni svo hún henti aftur til farþegaflugs „...og vissulega væri gaman að hafa í henni 10 til 20 farþegasæti. Það þarf hins vegar peninga til að hrinda slíku í framkvæmd. Mér finnst miður hve lítill gaumur flugsögunni er gefinn. Á sínum tíma voru hér Catalinur, Skymasterar og Monsur; sem síðar voru ýmist seldar úr landi eða rifnar. Slíkt má hins vegar ekki gerast varðandi Pristinn.“

Opnaði áhuga fyrir landinu

Oft veltir lítill þúfa þungu hlassi, hermir máltækið. „Landgræðsluflugið hefur opnað áhuga minn fyrir landinu og uppgræðslu þess,“ segir Karl Hjartarson. „Í dag býr fjölskyldan í húsi í suðurhlíðum Kópavogs sem stendur á 900 fm lóð. Áður var mér meinilla við mold og gras en nú ver ég öllum lausum stundum hér í garðinum. Hér erum við með allskonar tilraunir í ræktunarstarfi og eins upp í Borgarfirði þar sem fjölskyldan á smá skika. Og allt er þetta til komið vegna áhuga míns á fluginu og Páli Sveinssyni – flugvélinni sem ég er svo heilladur af.“



„Því er landgræðsla hér um slóðir eilífðarverkefni,“ segir Hrafnkell Karlsson, bóndi á Hrauni í Ölfusi.

Ólafur og Karl unnu lengi sjálfir að landgræðslunni og síðar Hrafnkell þegar hann varð fullgildur þátttakandi í búskapnum. Upp úr 1970 sömdu bændurnir við Landgræðsluna um að hún skyldi annast áburðardreifingu með flugvélum sínum. „Þegar farið var að nota stóru flugvélinu, Pál Sveinsson, til áburðardreifingar hér fór fyrst verulegur árangur að sjást,“ segir Hrafnkell.

Á Hrauni er tvíbýlt; á öðrum bænum búa Hrafnkell og Sigríður Gestsdóttir eiginkona hans og á hinum bænum Þórhildur Ólafsdóttir, frænka Hrafnkels og Hannes Sigurðsson, eiginmaður hennar. Landgræðslan er sameiginlegt verkefni þeirra, svo og skógrækt með þátttöku í Suðurlands-skógaverkefninu.

„Síðustu ár hefur áhersla verið lögð á uppgræðslu hraunsins hér vest-

an við bæinn. Þar höfum við dreift hænsnaskít, sem gefur góða raun. Þá höfum við sáð lúpínu hér í Hraunslandi sem hefur reynst vel. Nú er svæðið orðið ágætlega gróið og hefur vakið áhuga sumarhúsafólks. Væri enn stundaður hefðbundinn búskapur hér á Hrauni væri þetta svæði sjálfsagt nýtt til beitar. Ég hef mikla trú á lúpínunni við uppgræðslu þar sem land er örfoka, sendið og raki er takmarkaður. Við slíkar aðstæður gerir lúpínan það gott og þegar hún hefur svo náð sér á strik er næsta skref að setja trjáplöntur í landið. Hér hafa víðir og birki dafnað vel í sandinum og allt hefur þetta fært mér heim sanninn um hve landgræðsla og skógrækt eiga margt sameiginlegt. Það á tvímælalaust að sameina þær tvær stofnanir sem sinna þessu málum.“

Skoðaðu kosti þess að vera félagi í GÍ

Velkomin í Garðyrkjufélag Íslands

Garðyrkjufélag Íslands

Frakkastíg 9 - Sími 552 7721
www.gardurinn.is - gardurinn@gardurinn.is

Landgræðslan meðal aðila að Háskólafélagi Suðurlands:

Vilja efla þekkingarstarfsemi í héraði

Samráðsfundur vegna undirbúnings að stofnun Háskólafélags Suðurlands var haldinn í Gunnarsholti á dögunum. Háskóla- og vísindastofnanir í fjórðungnum, símenntunarmiðstöðvar, framhaldsskólar, sveitarfélög og ýmsir fleiri hafa tekið höndum saman og er ætlunin að efla hverskonar þekkingarstarfsemi á svæðinu undir merkjum félagsins í því augnamiði að styrkja héraðið; atvinnulíf þar og búsetu.

Ráðgjafafyrirtækið Primordia, undir stjórn Sveins Aðalsteinssonar, áður rektors Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, leiðir undirbúningsstarf vegna Háskólafélags Suðurlands, sem áformað er að verði stofnað formlega í síðasta lagi í haust.

Auka rannsóknir

Að sögn er Sveins er yfirlýst markmið með stofnun félagsins að renna traustari stöðum undir starf mennta- og rannsóknastofnana og fyrirtækja á Suðurlandi. Styrkja á allt háskólanám í héraðinu með því að efla starf símenntunarstöðvanna, Fræðslunets Suðurlands og Visku í Vestmannaeyjum. Nokkrir íslenskir háskólar eru meðal samstarfsaðila.

„Eins viljum við skapa sóknarfæri á auknum þverfaglegum rannsóknum og miðla áhugaverðum verkefnum til námsmanna á Suðurlandi, það er að þeir taki til rannsókna, í sínu námi, áhugaverð verkefni í sínu nærumhverfi sem nýst geti aðilum í heimahéraði með beinum hætti,“ segir Sveinn.

Fyrirtæki og stofnanir vinni saman

Landgræðslan er meðal þeirra fjölmörgu vísindastofnana á Suðurlandi sem koma að Háskólafélagi Suðurlandi, en auk annarra sambærilegra má nefna Íþróttfræðasetur Kennaraháskóla Íslands að Laugarvatni,

Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði, Háskólasetrið í Vestmannaeyjum og eru þá aðeins fáeinir nefndir. „Ætlunin er að koma á þéttu samstarfi þessara aðila og svo þeirra fyrirtækja á svæðinu sem hefðu beinan hag af fræðslustarfinu með til-

liti til endurmenntunar sinna starfsmanna eða rannsókna. Yfirbygging háskólafélagsins, sem grundvallast að mörgu leyti á nýrri hugmyndafræði okkar, yrði hins vegar höfð í algeru lágmarki,“ segir Sveinn Aðalsteinsson.

Würth á Íslandi óskar Landgræðslunni til hamingju með 100 ára afmælið.

Würth á Íslandi ehf.

Vesturhrauni 5, 210 Garðabæ
Sími: 530 2000
Bíldshöfða 16, 112 Reykjavík
Sími: 530 2002
Skemmuvegi 6, 200 Kópavogi
Sími: 530 2028
Fjölnisgötu 1a, 603 Akureyri
Sími: 461 4800
www.wurth.is



Samningar undirritaðir. Frá vinstri talið: Atli Gíslason, þingmaður Sunnlendinga, Bjarni Daníelsson, sveitarstjóri á Kirkjubæjarklaustri og Erlingur Jóhannsson, forstöðumaður Íþróttfræðaseturs KHÍ að Laugarvatni.

Nærfatnaður með lyktarlaus og kláðalaus þægindi

Síðerma bolur dömu/herra
5.490,-

Síðerma bolur m. kraga
5.990,-

Buxur
4.990,-

Nærbuxur
3.990,-
Sokkar í miklu úrvali

Staðreyndir um Smartwool ullina...
Safnar ekki í sig ólykt.
Má þvo við 40°C hita
100% náttúruleg efni
Algjörlega kláðalaust
Einungis notast við 100% Merino ull
www.smartwool.com

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 9505 - www.fjallakofinn.is

Afréttir landsins teknir út:

Beitarstýringin er miklu markvissari

„Bændur eru í seinni tíð orðnir sér meðvitaðir um mikilvægi þess að hafa sauðfjárabætur í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og landnýtingarsjónarmið. Í raun má tala um vidhorfsbreytingu á undanförmum árum og slíkt gerir allt samstarf auðvitað miklu auðveldara en ella væri,“ segir Gustav M. Ásbjörnsson, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Suðurlandi sem jafnframt er verkefnisstjóri vegna landnýtingar í gæðastýringu í sauðfjárrækt.

Segja má að ný stefna hafi verið mörkuð í íslenskum landbúnaði með samningi íslenska ríkisins og Bændasamtaka Íslands sem undirritaður var árið 2000. Meðal þess sem þar er kveðið á um var að sauðfjárræktin skyldi jafnan vera í góðu samræmi við landið – gögn þess og gæði – og skyldi að því markmiði stefnt með gæðastýrðri framleiðslu. Þannig



Fjárræktur. Í dag eru um 1.600 sauðfjárbændur skráðir í gæðastýringuna en þeir eiga nær 90% af öllu sauðfé í landinu.



Til framtíðar mun gæðastýringin skila miklum árangri, segir Gústav M. Ásbjörnsson, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Suðurlandi.

Fluttu ung í eyðimörk en búa nú í gróðursælum bæ:

Þá buldi sandur hér á öllu

Í Þorlákshöfn voru aðeins fáein hús sem stóðu í hálfgerðri í eyðimörk þegar Guðrún Sigríks Sigurðardóttir flutti þangað með foreldrum sínum árið 1964, fjórtán ára gömul. „Í minningunni stendur sandurinn upp úr. Hér var nánast allt svart en Hafnarnesíð, fjörukamburinn hér fyrir sunnan kaптúnið, var að einhverju leyti gróinn. Fólk setti þetta þó ekki fyrir sig. Íbúum hér fjölgaði með hverju árinu, enda var hér mikla vinnu og góða tekjur að hafa,“ segir Guðrún.

Vegurinn niður í Þorlákshöfn lá lengi um svonefndan Hafnarsand,

það er frá Hlíðarenda í Ölfusi og þaðan rúmlega fimm kílómetra leið í hið ört vaxandi sjávarþorp. „Ég man að vegurinn var oft ófær vegna sandfoks, menn gátu ekki farið þessa leið nema eiga á hættu að stórskemma bíla sína vegna sandfoks. Verst var þetta í norðlægum áttum, þá buldi sandur hér á öllu,“ segir Guðrún.

Safnaðist í drög og skafla

Karl Sigmar Karlsson, eiginmaður Guðrúnar, fluttist í Þorlákshöfn með foreldrum sínum árið 1954, þá þriggja ára gamall. Hann segist muna að bílar festust í sandsköfnum á þess-



Hjónin Guðrún Sigríks Sigurðardóttir og Karl Sigmar Karlsson með gróðurinn í baksýn. Þar var svört auðn þegar þau fluttu í Þorlákshöfn.

ari leið. „Ef hvessti eitthvað að ráði og sandurinn var þurr var ótrúlega fljótt að safnast í drög eða skaffa. Fólk í dag á erfitt með að gera sér í hugarlund hvernig ástandið var,“ segir Karl.

„Mér finnst eins og mamma hafi alltaf verið með kústinn við hendina eða blautan klút á lofti til að þurrka salla úr gluggakistunni,“ segir Guðrún og brosir. Má af því ráða að erfiðleikar þessara ára séu nú orðnir að ljúfri minningu.

Trjágróður dafnar

Um og eftir 1950 hófst landgræðsla í nágrenni Þorkákhafnar af fullum krafti. Vegurinn sem liggur inn í byggðarlagið var fluttur á núverandi stað og nærliggjandi svæði hans grædd upp. Áburðar- og fræðreifing með flugvélinni Páli Sveinssyni olli straumhvörfum.

„Þetta skilaði miklum árangri og
á síðustu árum hefur gróður hér í
nágrenni byggðarlagsins tekið mjög
við sér. Þetta er allt annað líf. Vegna

öllu
skyldi ástand beitarlanda jafnan metið af sérfræðingum Landgræðslunnar og væri það ekki í ástættanlegu horfi og gróðurþekja undir viðmiðunar-
mörkum bæri viðkomandi bónda eða landeiganda að bæta úr málum.

Seinkað og flýtt

Í dag eru um 1.600 sauðfjárbændur skráðir í gæðastýringuna en þeir eiga nær 90% af öllu sauðfé í landinu, en hjörðin öll er um 450 þúsund fjár. Gústav Ásbjörnsson segir að frá upphafi hafi verið ljóst að viðáttumiklir illa farnir afréttir og upprekstrarlönd í nágrenni byggðar yrðu megin viðfangsefni þessa verkefnisins. Alls hafi 21 afréttur verið skoðaður á vettvangi, fundað hafi verið með heimaönnum og svona megi áfram telja. Með þessu hafi menn fengið glögga sýn á stöðunni og samkvæmt því verði unnið.

„Við getum enn sem komið er ekki dregið miklar ályktanir af gæðastýringu og beitaradgerðum síðustu ára. Til framtíðar litið er þó engum vafa undirþopið að starfið mun skila miklum árangri. Beitarstýringin verður miklu markvissari og í betri takt við ástand landsins. Á síðustu árum höfum verið í vaxandi mæli séð að verið er að seinka upprekstri á vorin og flýta göngum á haustin, þó slíkt sé erfiðara í framkvæmd enda eru göngur og réttir bundnar ýmsum fjallskilasamþykktum,“ segir Gústav. Hann bætir því við að á síðustu árum hafi einnig verið reynt að styrkja af-réttarlönd með áburðardreifingu. Árið 2006 hafi verið borið á um 4.000 ha. svæði, svo sem á afréttum Suðurlands, í Skaftafellssýslum og svo í Þingeyjarsýslum. Áherslan sé með öðrum orðum sagt, mest á eldgosabeltið svonefnda sem liggur þvert yfir landið.

Peninga er þörf

Gústav segir að við innleiðingu gæðastýringarkerfisins hafi láðst að gera ráð þeim kostnaði sem fylgir landnýtingar- og landbótaáætlunum. Í dag geri menn sér orðið ljóst hver staðan sé að þessu leyti, en því sé ekki að leyna að peningaleysi hafi gert alla framkvæmd verkefnisins erfiðari en ella. Mörg landbótaverkefni séu fjarri byggð og á erfiðu landi til uppgræðslu og því kostnaðarsöm.



Gönguferðir,
fjallgöngur og
ferðalög
eru okkar áhugamál

Velkomin í Ferðafélagið

Skráðu þig inn - drífu þig út

Þú skráir þig með því að senda okkur tölvupóst á fi@fi.is eða hringja í síma 568 2533 og gefa upp nafn, kt og heimilsfang.

Árgjald FÍ 2007 er kr. 4600. Félagsmenn njóta fríðinda sem hér segir: Vegleg árbók er innifalin í árgjaldi, afsláttur í ferðir og skála FÍ og afsláttur í fjölda útivistarverslana.

Ferðafélag Íslands er áhugamannafélag með um 7000 félagsmenn.

Markmið Fl er að hvetja til ferðalaga um Ísland og greiða fyrir þeim. Jafnframt að vekja áhuga Íslendinga á landinu sínu, náttúru þess og sögu og efla vitund þeirra um nauðsyn varfærni í samskiptum manns og náttúru.

Ferðafélag Íslands

www.fi.is | fi@fi.is | sími 568 2533



Landsvirkjun hefur varið milljörðum króna til umhverfismála:

Lítum á landgræðslu sem sjálfsagðan hlut

Landgræðsla hefur í mörgum tilvikum verið forsenda virkjunarframkvæmda og orkunýtingar. Í dag er raunar ekki virkjað öðruvísi en svo, að jafnhliða sé farið í mótvægisadgerðir á sviði uppgræðslu eða einhvers konar landbóta. „Landsvirkjun hefur í tímans rás varið mörgum milljörðum króna til umhverfismála og stærsta verkefnið er uppgræðsla á Eyvindarstaða- og Auðkúluheiðum sem við stóðum að, skv. virkjunarsamningum um Blönduvirkjun til að bæta bændum í Húnaþingi það beitarland sem fórnað var undir Blöndulón. Raunar má segja að eftir þetta hafi menn hér hjá Landsvirkjun farið að líta á landgræðslu samhliða virkjunarframkvæmdum sem sjálfsagðan hlut,“ segir Helgi Bjarnason, verkefnisstjóri hjá virkjunar- og framkvæmsviði Landsvirkjunar.

Reginöfl náttúrunnar hafa óvíða sett jafn sterkan svip á náttúrana sem í Þjórsárdal. Heklugosið mikla árið 1104 lagði búsældarlegan dalinn í auðn. Þjórsárdalur var því sem eyðimörk yfir að líta þegar bygging Búrfellsvirkjunar hófst árið 1967. Því var strax hafist handa um uppgræðslu dalsins og í fyrstu lögd áhersla á næsta nágrenni virkjunarinnar; það er svæðið milli Sámstaðamúla og Fossár.

Hættan tilheyrir liðinni tíð

En Adam var ekki lengi í Paradís. Búrfellsvirkjun var vígð við hátíðlega athöfn í maí 1970. Næsta dag hófst gos í Heklu með miklu öskufalli yfir Þjórsárdal. Menn létu þó ekki bugast og strax var hafist handa um hreinsunarstarf.

„Harðgerður gróðurinn við Búrfell stóð þetta af sér. Hins vegar sást mjög fljótt að taka þyrfti til hendi við uppgræðslu víðar í Þjórsárdal svo sem á vikrunum milli Sandár við Skriðufell og að Búrfelli. Þegar vind hreyfði var þar oft talsvert sandfök, með tilheyrandi hættu á skemmdum á bílum,“ segir Helgi og bætir við að vegna þessa hafi Landsvirkjun, Landgræðslan, Gnúpverjahreppur og Vegagerðin sameinast um uppgræðslu á þessu svæði. Hún hafi skilað þeim árangri að sé þarna orðið bærillega gróið og áfokshættan tilheyrir liðnum tíma.

„Við höfum alltaf átt gott samstarf við Landgræðsluna. Reynslan sýnir okkur og segir að í umhverfisverkefnum hverskonar næst jafnan bestur árangur þegar margir aðilar leggja í púkkið og sameinast um brýn viðfangsefni.“

Græða upp 4.700 hektara

Þegar framkvæmdir við Blönduvirkjun hófst í kringum 1983 var samið um það að bændum skyldi bætt með samsvarandi hætti það gróna land sem fórnað var fyrir uppistöðulón virkjunarinnar. Samningarnir, sem fyrr er getið, kváðu á um að græða skyldi upp 3.000 hektara svæði á Eyvindastaða- og Auðkúluheiðum. „Sveinn Runólfsson lagði alltaf mikla áherslu það við okkur Landsvirkjunarmenn að við græddum upp víðfedmara svæði en samningarnir sögðu til um. Við fylgdum því og samkvæmt nýjustu mælingum eru búið að græða upp alls 4.700 hektara,“ segir Helgi sem bendir á að land á þessum slóðum sé í 420 metra hæð. Að uppgræðsla við slíkar aðstæður takist jafn vel og raun ber vitni sé afar ánægjulegt. Nú sé þessu verkefni hins vegar að mestu leyti lokið, en bændur dreifi þó enn á nokkur svæði áburði sem Landsvirkjun leggur þeim til.

Til verndar Laxárvirkjunum

Hin mikla Sultartangastífla, sem er á

vatnamótum Þjórsár og Tungnár, var reist um 1985. Þegar framkvæmdir hófust var strax mörkuð sú stefna að bæta fyrir allt það beitarland sem fór undir vatn með lóni stíflunnar og var því farið í umfangsmiklar landgræðsluaðgerðir á Hafinu, sunnan við Sandafell þar sem Sultartangavirkjun stendur nú. Alls hafa þar verið græddir upp um 220 ha. svæði, sem nú stækkar ört með sjálfsáningu.

Framlags Landsvirkjunar í uppgræðslumálum sér víðar stað og í sumum tilvikum hefur verið mjög aðkallandi að grípa til aðgerða. Þannig var sandburður í Laxá í Suður Þingeyjarsýslu lengi slíkur að hverflar Laxárvirkjana lágu undir stórskemmdum, aukinheldur sem klak- og hrygningarstöðvar laxfiska neðar í ánni voru í hættu. Ýmsar aðgerðir til útbóta voru skoðaðar, en niðurstaðan varð sú að farið var í uppgræðslu við upptök Krákár á Mývatnsóræfum, sem svo rennur áfram í Laxá. Með áburðar- og frædreifingu í Krákárbotnum, í samvinnu við Skútustaðahrepp og Landgræðsluna, hafa þar verið græddir upp yfir 1.500 ha. Til fleiri ráðstafana hefur verið gripið og með því hefur tekist að draga verulega úr framburði sands um Laxá, sem var á bilinu 40 til 60 þúsund tonn á ári þegar verst lét. „Enn er ekki komin sú reynsla að við getum dæmt um hvort dregið hafi úr sliti á vélum Laxárstöðva, en við teljum árangurinn eigi að síður mjög góðan að svo miklu leyti sem mælanlegt er.“

Setja verðmiða á landgræðslustarfið

Kárahnjúkavirkjun er langstærsta verkefni Landsvirkjunar fyrr og síðar – og um ekkert mannvirki hafa risið jafn háværar deilur. Samkvæmt viðteknum gildum í starfi Landsvirkjunar hefur verið kappkostað að bæta fyrir þær umhverfisfórnir sem virkjuninni og Hálslóni hafa fylgt. Þannig greiddi Landsvirkjun sveitarfélaginu Norður-Héraði, sem nú hefur sameinast Fljótsdalshéraði, 200 milljóna kr. eingreiðslu, en hugsunin sem að baki bjó var sú að vextir af þeirri upp-



„Umhverfismál hafa ekki sem skyldi beinst að því að stöðva gróðureyðingu,“ segir Helgi Bjarnason, verkfræðingur hjá Landsvirkjun.



Þjórsárdalur var eyðimörk þegar framkvæmdir við Búrfellsvirkjun hófust. Með aðgerðum, þar sem Landsvirkjun hafði frumkvæði, fékk dalurinn allt annað svipmót.

hæð ættu að geta fjármagnað landgræðsluaðgerðir heimamanna á Kárahnjúkasvæðinu. Settur var á laggirnar svonefndur Landbótasjóður Norður-Héraðs og á hans vegum var á síðasta ári dreift 284 tonnum af áburði á 16 ferkílómetrar svæði. Þarna eru undir svæði í landi Brúar á Jökuldal, við Sænautasel og í Laugarvalladal – en

þar og víðar hefur gróðureyðing verið vandamál um langa hríð.

„Umhverfismál og aðgerðir þar eru eitt brýnasta viðfangsefni samtímans,“ segir Helgi Bjarnason. „Umhverfismál hafa ekki sem skyldi beinst að því að stöðva gróðureyðingu sem ég tel lang stærsta vandann á því sviði sem við er að glíma. Með öðrum

„Reynslan sýnir okkur og segir að í umhverfisverkefnum hverskonar næst jafnan bestur árangur þegar margir aðilar leggja í púkkið og sameinast um brýn viðfangsefni.“

orðum sagt hefur of lítill áhersla verið lögð á að endurheimta landkosti og gróðurlendi. Með auknum skilningi á mikilvægi kolefnisbindingar eru menn líka farnir að líta svo á að landgræðsla og skógrækt geti verið fjárfesting. Það er með öðrum orðum sagt búið að setja verðmiða á landgræðslustarfið – jafnframt því sem það styrkir ímynd fyrirtækja að leggja þessum málum lið einsog við hjá Landsvirkjun skynjuðum fyrir margt löngu.“

www.umhverfisraduneyti.is

LEGGÐU ÞITT AÐ MÖRKUM
- Gakktu vel um þitt nánasta umhverfi

Vertu velkominn á vef umhverfisráðuneytisins

www.umhverfisraduneyti.is

Þar er að finna upplýsingar um umhverfismál, skýrslur og fræðsluefni ásamt fjölmörgum tenglum í áhugaverða vefi um umhverfismál.



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Landgræðslufélag Biskupstungna með öfluga starfsemi og kemur víða við:

Gróðurvana svæði nú græn yfir að líta

Landgræðslufélag Biskupstungna fékk á dögunum úthlutað hæsta styrk ársins úr Pokasjóði verslunarinnar. Framlag sjóðsins til félagsins nam alls 7,5 millj. kr. og verður því meðal annars varið til ræktunarstarfa á Haukadalshéiði. „Á undanförn-um árum hefur verið lögð mikil áhersla á uppgræðslu afréttarins og að koma í veg fyrir gróðureyðingu þar. Sauðfjárrækt hefur alla tíð verið snar þáttur í búskap hér og því bera menn sterkar taugar til afréttarins. Því er ánægjulegt að fá þennan veg-lega styrk, hann gerir okkur kleift að hlúa að landsvæði sem okkur er kært,“ segir Þorfinnur Þórarinsson, bóndi á Spóastöðum og formaður Landgræðslufélagsins.

Auk hins rausnarlega styrks, sem áður er nefndur, fær Landgræðslu-félag Biskupstungna í ár 1,5 millj. kr. framlag úr svonefndum Landbóta-sjóði sem Landgræðslan hefur yfir að



Í fræpokunum frá Kvískerjum voru 8,5 millj. spírunarhæfra fræja.

Höfðingleg gjöf: Átta fræpokar úr Öræfasveit

Hálfdán Björnsson, vísindamaður og bóndi á Kvískerjum í Öræfum varð áttæður 14. mars sl. Jafnframt rannsókn- og vísindastörfum sín-um hefur Hálfdán lagt gróðri jarðar sinnar lið með ýmsu móti og verið ötull þátttakandi í Landgræðslufélagi Öræfinga frá stofnun þess árið 1992. Og enn er Hálfdán að safna fræi. Nýlega sendi hann Landgræðslunni höfðinglega gjöf; átta stóra poka af mjög góðu birkifræi. Þetta voru 31 kg af grófhreinsuðu fræi eða 12,4 kg af hreinsuðu fræi. Í hverju kg eru 1,14 milljónir fræja. Spírun reyndist vera um 60% þannig að í allt inni-hélt gjöfin um 8,5 milljónir spírandi fræja. Fræið verður notað m.a. til sáninga í Hekluskögavervefninu og til framleiðslu birkitrjáa. Ef fræinu er sáð beint í landið gæti það gefið tæplega hálfa milljón trjáa við bestu aðstæður.

ráða. Félagið, sem stofnað var árið 1994, hefur því ágætt svigrúm til að takast brýn verkefni á hendur.

Tunguheiði gegn koltvísýringi

„Mörg undanfarin ár hefur Land-græðslan sjálf annast uppgræðslu á Haukadalshéiði. Með breyttum áherslum í hennar starfi verður mál-um hins vegar svo fyrir komið að Landgræðslufélagið mun í ríkari mæli sinna starfinu þar,“ segir Þorfinnur.

„Annars hefur uppgræðsla svo-nefndrar Tunguheiði, sem liggur upp af Gullfossi og inn að Sandá, verið okkar áhersluverkefni. Það er 2.500 hektara svæði, sem er í eigu Bræðra-tungukirkju, sem áður var örfoka og gróður þar í mikilli hættu. Árið 1997 hófst þar hins vegar skipulögð landgræðsla eða eftir að við feng-um fjármuni frá hinu opinbera sem voru eyrnamerkir uppgræðslu und-ir þeim formerkjum að gróður ynni gegn síauknum útblæstri koltvísýr-ings. Það er engum ofsögum sagt að á Tunguheiði hefur náðst mikill árangur á undanförn-um árum – þar breiðir lúpínan úr sér, er hvanngræn og falleg.“

Rúllutætari í rofabörð

Fyrir nokkrum árum eignaðist Land-græðslufélagið rúllutætara sem hefur komið í afskaplega góðar þarfir við uppgræðslustarf. „Vestur í Bandaríkj-unum nota menn þessi tæki til að tæta niður hey og hál-um í stórar hjarð-ir búpenings. Þegar við Tungnamenn fréttum af þessu tæki þóttumst við strax vita að það væri einnig hægt að nota við landgræðslustörf, enda sýnir reynslan að heysalli sem settur er í rofabörð kemur í veg fyrir frek-ari uppblástur og gróðureyðingu þar.



Rúllutætarar hafa sannað gildi sitt við uppgræðslustarf á Biskupstungnaafrétti – og komið í afskaplega góðar þarfir.

Það er líka segin saga að sé heyi dreift á víðavangi dafnar gróður þar fljótt,“ segir Þorfinnur.

„Síðustu árin höfum við flutt úr byggð og inn á afrétt einhversstað-ar á milli 200 og 300 heyrúllur á ári hverju, sem síðan eru tættar niður og heyinu blásið í börd og önnur svæði sem eru í hættu. Mér finnst sem að bændum hér í sveitinni sé ljúft að geta lagt uppgræðslustarfinu lið með þessu móti,“ segir Þorfinnur.

Sjónum beint að Sandvatnshlíð

Sjónum hefur einnig verið beint að svonefndri Sandvatnshlíð sem er sunnan við veginn sem liggur of-an við Gullfoss, inn að Hagavatni. Gróðurtorfur þar voru í mikilli hættu af völdum jarðvegseyðingar. Með því að bera að þeim heysalla hefur tekist að bæggja vanni frá og nú er gróður við Sandvatnshlíð í stöðugri framför.

„Fyrir nokkrum árum var lagt mikið kapp á að græða upp Rót-armannatorfur sunnan við Bláfell. Það svæði var girt af, áburður bor-inn á og hey sett í rofabörðin þar sem hætta á gróðureyðingu var til staðar. Þarna vil ég meina að náðst hafi ágæt-ur árangur, enda þótt fullnaðarsigur vinnist seint eða aldrei. Við fylgjumst vel með þessu svæði og þá sérstaklega bördunum og brugðist er skjótt við ef þar sækir í sama farið.“

Jeppafólk í 4x4 ötult í uppgræðslustarfinu:

Höfum sterka tilfinningu fyrir landinu

Fáir sjálfbóðaliðar hafa í tímans rás verið jafn öflugir bakhjarlar landgræðslustarfsins sem félagar í Ferðaklúbbum 4x4. Fljótlega eftir stofnun klúbbsins fóru félagar hans að láta til sín taka í umhverfismál-um. „Með ferðalögum upp um fjöll og firnindi öðlast jeppamenn sterka tilfinningu fyrir landinu og læra að bera virðingu fyrir því. Af hálfu klúbbsins er rekin-ur harður áróður fyrir því að sýna landinu alúð og aka ekki utan vega, enda sýnir reynslan að fátt veldur meiri landskemmd-um,“ segir Magnús Guðmundsson, sem situr í umhverfisnefnd 4x4.

Magnús segir að strax við stofnun klúbbsins árið 1983 hafi jeppamenn markað þá stefnu að láta til sín taka í náttúruvernd. Þar hafi uppgræðsla verið efst á blaði, en það hafi ekki verið fyrr en 1992 sem stofnað var til formlegs samstarfs við Land-græðsluna. Það ár var farið í fyrstu uppgræðsluferðina, það er á svæðið sunnan við Þórisjökul.

Í framhaldi af því var ákveðið að beina kröftum að Þórsmekursvæð-inu og þá sérstaklega svonefndum Merkurrana, sem þá var í mik-illi hættu af völdum uppblásturs. Þar dreifði jeppafólkið áburði og grasfræi, gróðursetti birki og fór í fleiri aðgerðir sem allar virðast ætla að skila tilætluðum árangri, því á síð-



Sýni fólk alúð í störfum sínum við landgræðslu er árangurinn fljótur að koma í ljós.

ustu árum hefur gróður í Merkurra-ana verið mjög að taka við sér.

„Við höfum einnig tekið til hendi í Skarfanesi í Landsveit, í Skaft-ártungum og víðar. Þar hafa verið settir heybaggar í rofabörð sem er mjög árangursrík landgræðsluadgerð. Þá hefur gefið mjög góða raun að raða upp heyböggum á víðavangi en með slíku myndast eins konar veggur sem hindrar sandfok,“ segir Magnús og bætir við að landbótastarf sé vin-



„Akstur utan vega er eitt af því sem við erum að berjast gegn,“ segir Magnús.

sælt meðal jeppafólks. Uppgræðslu-ferðin á Jónsmessu í Þórsmörk sé einn fjölsóttasti viðburðurinn í starfi klúbbsins og margir láti sig aldrei vanta í þann leiðangur.

Margir halda því fram að um-gengni jeppamanna við landið sé ekki sem skyldi. Þetta segir Magnús að sé á misskilningi ef ekki fordóm-um byggt. Fáir svartir sauðir komi hins vegar óorði á fjöldann. „Akstur utan vega er eitt af því sem við erum

sem bændur hér ráku á afrétt ekki nema brot af því sem var áður. Áhrif af beitarfriðun eru því minni en ætla mætti og eins hefur veðrátta síðustu ár verið einkar mild sem hefur sín áhrif á gróðurframvindu. Allt þetta vinnur með okkur. Það er gaman að upplifa og sjá svæði sem áður voru gróðurvana eða örfoka nú græn yfir að líta – og sannfærir mann um að landgræðslustarfið skilar jafnan ár-angri, sé viljinn til staðar,“ segir Þor-finnur Þórarinsson að síðustu.

Eitt umfangsfangsmesta einstaka verkefnið sem Landgræðslumenn hafa tekið á hendur í seinni tíð er uppgræðsla Skógeyjar við Hornafjörð. Sandfok þar var áður mikið vandamál, en með aðgerðum síðustu áratuga heyrir það nú sögunni til og eyjan er orðin grasi vaxin. „Fyrr á tíð gerðist það stundum að sandur úr Skógey smygdi inn í hús á Höfn og væri íbúnum þar til óþæginda. Stundum þurfti meira að segja að leggja niður vinnu í fiskvinnsluhúsum á staðnum af þessum sökum,“ segir Þrúðmar Sigurðsson, bóndi og landgræðsluvörður á Miðfelli í Nesjum, sem leitt hefur starfið í Skógey.

Mesópótamía sú sem segir frá í Biblíunni var landið milli fljótanna. Það er Efrat og Tígris. Þar heitir nú Írak. Skógey er hin íslenska Mesópótamía, en hún er alls 44 ferkílómetrar og liggur á milli Hornafjarðarfjós og Hoffellsár þar sem þær falla til sjávar. Heimildir benda til að þarna hafi verið byggt til forna og alls átján býli. Bygðin lagðist svo af, hugsanlega vegna vatnavaxta og sandfoks.

Melgresi og túnvingull

Með þjóðargjöfinni sem Alþingi samþykkti á hátiðarfundi sínum á Þingvöllum árið 1974 var ákveðið að veita stórauðnum fjármunum til uppgræðslu víða um land, svo sem í Skógey. Starfið þar hófst þó ekki fyrr en 1982 – og þó ekki af fullum krafti fyrr en fjórum árum síðar, en þá hafði verið gengið frá samkomulagi við heimamenn um hvernig staðið skyldi að verki.

„Við sáðum þarna melgresi, en mest túnvingli, rygresi og beringspunkti,“ segir Þrúðmar. „Gróðurinn tók mjög fljótt við sér og við sáum árangur býsna fljótt. Það má segja að um aldamótin hafi verið búið að ná tökum á vandanum þarna, þó enn séu einstaka svæði í Skógey sem þarf að líta eftir. Vandinn er hins vegar enginn miðað við hvað var.“

Framleiðslu skyldi auka

Prúðmar Sigurðsson hóf búskap á

Miðfelli árið 1950, en um það leyti var mikill sóknarhugur í íslenskum sveitum. Stundum hefur verið talað um gullöld skurðgröfunnar – og í Skaftafellssýslum tíðkaðist að græða upp svarta sandana ýmist sem tún eða beitarlönd. Nauðsynlegt þótti að ræsa fram mýrar landsins og þurrka upp, sem í dag þykir hins vegar slæmt með tilliti til kolefnisbindingar.

„Þegar framræsla er gagnrýnd í dag er nauðsynlegt að hafa forsendur fyrir tíðar í hugar. Alveg fram yfir 1980



„Gerðist það stundum að sandur úr Skógey smygi inn í hús á Höfn og væri íbúum þar til óþæginda,“ segir Þrúðmar Sigurðsson.

var krafa samfélagsins að framleiðslu í landbúnaðinum skyldi auka og eftir því var starfað, meðal annars í jarðrækt. Sem gamall skurðgröfumaður iðrast ég ekki yfir einum einasta stubb

sem ég gróf og vandamálið er ekki stærra en svo að víðast hvar má ýta uppgreftinum aftur ofan í skurðina,” segir Þrúðmar.

Dagur umhverfisins:

Gróðursett í Fílasjógi

Landgræðslan minntist Dags umhverfsins, 25. apríl, með ýmsu móti. Hann var nú haldinn hér á landi í níunda sinn og að þessu sinni til- einkaður hreinni orku og loftslags- breytingum.

Af þessu tilefni bauð Landgræðslan kátum krökkum úr Trölladeildinni í leikskólanum Heklukoti á Hellu í heimsókn. Þau gróðursettu birkiplöntur í skógarreitinn sinn í Gunnarsholti. Hann heitir Flaskógur eftir einni deildinni í leikskólanum.

Dagur umhverfisins er haldinn ár hvert á fæðingardegi Sveins Pálssonar, fyrsta náttúrufræðings Íslands, sem fæddist árið 1762. Hann var einna fyrstur til að hvetja til aðgerða gegn skógareyðingu á Íslandi og orðaði þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun.



Landgræðslan hefur lengi lagt áherslu á að kynna börnum uppgræðslustarfið.

grænt bókhald

Landsvirkjun býður öllum grænt bókhald endurgjaldslaust

Landsvirkjun hefur þróað forrit sem fengið hefur nafnið **Grænt bókhald**. Forritið er ætlað öllum fyrirtækjum sem hafa áhuga á að fylgjast með tölulegum upplýsingum um umhverfisáhrif af starfsemi sinni.

Grænt bókhald er opinn hugbúnaður sem þýðir að öllum er frjálst að bæta við virkni hans og aðlaga forritið eigin þörfum. Hægt er að panta forritið á vefsíðu Landsvirkjunar og nýta það án endurgjalds.



Grænt bókhald er efnisuppgjör þar sem fram koma tölulegar upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Græna bókhaldið á þannig að sýna mælanleg áhrif starfseminnar á umhverfið.



Landsvirkjun

Björn Hallur Gunnarsson, formaður Landgræðslufélags Héraðsbúa:

Við viljum bæta ásynd landsins

Björn Hallur Gunnarsson, á Merki á Efri-Jökuldal, er formaður Landgræðslufélags Héraðsbúa. Hann er bjartsýnn á framtíð félagsins og landgræðslunnar. Félagið var stofnað árið 2001 og verkefnin hafa verið ærin. „Meginmarkmið félagsins er að bæta ásynd lands og stöðva rof í gróðurlendi. Starfið er mikið byggt á sjálfbodavinnu og m.a. með styrkjum frá Pokasjóði, Landgræðslunni og einkaaðilum,“ segir Björn Hallur.

Upphaflega var ráðist í að rekta upp u.þ.b. 100 hektara af örfoka landi. „Á fimm til sex árum er þar orðin samfelldur gróður. Síðan höfum við verið að stækka svæðin og ætli þetta séu ekki orðnir 400 til 500 hektarar í dag. Við dreifum m.a. heyrúllum þar sem þær falla til og þörfin kallar. Þetta fer vaxandi og við færum okkur til á milli staða.

Hugur manna að opnast

Landgræðslufélagið eignaðist heytættara árið 2002. Hann tætir niður gamlar heyrúllur og blæs heyinu á ógróið land og í rofabörð. Vélín hefur reynst vel. Bændum á Héraði, sem eiga ónýtar rúllur, stendur heytætarinn til boða til að dreifa þeim í rofabörð og á ógróið land. Félagið var stofnað að frumkvæði heimamanna, sérstaklega landgræðslumannsins og bóndans Jóns Eiríks Hallgrímssonar á Mælivöllum á Jökuldal. Helsta verkefni félagsins er uppgræðsla við Sænautasel á Jökuldalsheiði en margar hugmyndir að fleiri verkefnum liggja fyrir.

Framtíðin er björt

Eru Bændasamtökin jafnáhugasöm og einstaka bændur, eins og t.d. Þið á Héraði? „Já, ég tel það en frumkvæðið kemur frá heimamönnum. Einn einstaklingur, hrinti þessu af stað hér, Jón Hallgrímsson, og þannig byrjar flest,“ segir formaðurinn en landgræðslumenn hafa tekið eftir árangrinum fyrir austan og fékk félagið

Landgræðsluverðlaun árið 2005. Birni Halli er tíðrætt um mikilvægi þess að bæta ásynd landsins. En eru bændur ekki helstu andstæðingar hvað það varðar?

„Sumir eru á móti þessu, eins og gengur, og segja að þetta eigi að gerast sjálfkrafa en það er reyndar algjör minnihluti. Framtíðin er björt í þessum efnum og hugur manna er mjög að opnast.“



Björn Hallur stendur lengst til hægri. Við hliðina á honum stendur Jón á Mælivöllum. Myndin er tekin á Landgræðsludegi Landgræðslufélags Héraðsbúa í landgræðslugirðingunni þeirra við Sænautasel upp á Jökuldalsheiði. Myndina tók Guðjón Magnússon.

Sérverslun útivistarfólksins er í Hafnarfirði:

Fjallakofinn er staðurinn til að byrja á

Fjallakofinn Reykjavíkurvegi 64 í Hafnarfirði er sérverslun fólks sem ann útivist og fjallaferðum. Þar fæst fjölbreytt úrval af hverskonar útivistarfatnaði og öðru því sem þarf í ferðir upp til fjalla, heiða og dala. „Fjallakofinn er fyrirtæki þar sem starfsfólkið hefur mikla reynslu á sviði útivistar og útiveru,“ segir framkvæmdastjórinn Halldór Hreinsson.

„Hvort heldur sem verið er að tala um gönguferðir eða stærri leiðangra þá er Fjallakofinn staðurinn til að byrja á. Þar færð þú allan þann útbúnað sem þú þarfnast fyrir þína ferð. Einnig sérpöntum við mikið af fatnaði og öðrum fjallabúnaði sem ekki er til á lager. Þá er vefverslun okkar mikið notuð, www.fjallakof-



Scarpa gönguskórnir njóta mikilla vinsælda, segir Halldór Hreinsson framkvæmdastjóri Fjallakofans.

inn.is. Við finnum fyrir mjög jákvæðum viðbrögðum yfir vöruúrvalinu og ekki síður verðinu.“

Vörumerkin sem Fjallakof-

inn með eru meðal annars Marton, Scarpa, Smartwool, Nikwax, og Löffler. Af þessum vörumerkjum er Scarpa gönguskórnir það þekktasta,

enda viðurkenndir sem einhverjir þeir bestu sem bjóðast á markaðinum. „Það verður væntanlega á þessu ári sem 100 þúsundasta parið selst sem sýnir vinsældir SCARPA sem hefur einungis verið í tuttugu ár á íslenska markaðnum, en fyrirtækið sjálft er fagnaði 50 ára afmæli í fyrra,“ segir Halldór.

Fyrirtækið flutti starfsemi sína nýlega að Reykjavíkurvegi 64 í Hafnarfirði, og við það stækkar verslunin verulega - en einnig hefur Fjallakofinn stórlega eftt og stækkað leigudeildina sem sérhæfir sig í útleigu á ýmsum búnaði s.s. viðlegu- og jöklabúnaði. Þá er ein af nýju leiguvörunum í sumar barnaburðarstóll sem fer mjög lítið fyrir.



Í ÞÍNUM HÖNDUM

Náttúran er villt og lýtur eigin lögmálum. Það er því á okkar ábyrgð hvernig við umgöngumst hana. Látum þau áhrif sem við höfum á umhverfi okkar vera til hins betra.

Sígarettustubbar eru mörg ár eða áratugi að eyðast í náttúrunni og hafa þar að auki fundist í maga fugla, fiska og sjávarspendýra.

VÍN•BÚÐ

lífur, lærum & njótum

Orkuveitan græðir sár og lagfærir á Hellisheiði:

Uppgræðsla á viðkvæmum svæðum krefst þolinmæði

Á síðustu árum hefur verið tekið rækilega til hendinni á Hellisheiði við uppgræðslu lands og hverskonar umhverfisbætur í tengslum við virkjunarframkvæmdir Orkuveitu Reykjavíkur. Vinnuflokkar á vegum fyrirtækisins hafa meðal annars sáð í flög enda hefur rík áhersla verið lögð á að skapa vistkerfi og koma náttúrulegum gróðri af stað.

„Viða á Hellisheiði og á Hengilssvæðinu hefur náttúrunni verið raskað, sárin sem þarf að lagfæra og græða eru býsna mörg,“ segir Gunnar Hjartarson, umhverfisverkfræðingur hjá Orkuveitunni. „Þegar núverandi Suðurlandsvegur var lagður austur fyrir fjall um 1970 voru víða opnaðar námur og síðan þá hefur bæði verið kroppað enn meir í þær námur og aðrar opnaðar, í flestum tilfellum hefur ekki verið gengið frá þeim. Eins eru víða gömul ummerki um ýmsar framkvæmdir; syndir sem höfum við kappkostað að bæta, rétt eins og við skuldbundum okkur til að gera þegar umhverfisáhrif Hellisheiðarvirkjunar voru metin.“

Örva staðargróður
Hellisheiðin er í um 350 metra hæð



Í sumar eru 130 skólakrakkar hjá Orkuveitunni við ýmiskonar garðyrkjustörf.

og Skarðsmýrarfjall er um 600 metrar þar sem það rís hæst. Sakir hæðar er gróður á þessum slóðum því býsna viðkvæmur og að sama skapi er mikillar varúðar þörf í umgengni við náttúruna. Fyrir nokkru setti Orkuveitan af stað verkefni í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands sem miðar að því að efla staðargróður á þessu svæði. Þessu viðfangsefni er svo lýst að um allan heim sé sívaxandi áhersla lögð á að endurheimta allan náttúrulegan gróður á þeim svæðinu sem raskað er. Þar sem hefðbundnum ræktunaraðferðum er beitt til landbóta, svo sem sáningu grasfræs og áburðargjöf, þá stingur slíkt oft í stúf við staðargróður. Vöxt hans megi örva með ýmsu móti og að rannsóknum þar að lútandi vinna vísindamenn LBHÍ nú.

„Uppgræðsla á viðkvæmum svæðum eins og Hellisheiðinni krefst mikillar þolinmæði. Mosabembur eru jafnvel áratugi að gróa upp. Með því að örva náttúrulega staðargróður í því vistkerfi sem þarna er til fyrir, gæti þetta þó tekið verulega skemmri tíma en áður,“ segir Gunnar Hjartarson.

Gera gangskör

Í sumar starfar 130 skólakrakkar við störf hjá Orkuveitunni við ýmiskonar garðyrkjustörf. Um fimmtán úr þeim hópi munu standa vaktina á Hellisheiðinni og sinna landgræðslu auk þess sem fleira fellur til. „Þarna er ýmislegt drasl frá fyrri tíð sem hefur þurft að hreinsa upp, svo sem kofarústir og leifar af gömlum skíðalyftum í Skarðsmýrarfjalli,“ segir Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjustjóri Orkuveitunnar.

Þegar framkvæmdir við Nesjavallavirkjun hófust fyrir bráðum tuttugu árum var strax mörkuð sú stefna að gera þar gangskör í umhverfismálum. Þannig var hafist handa um landgræðslu og skógrækt í Grafningnum árið 1989 og á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa um 600 ha. lands og um ein milljón trjáplantna verið gróðursett þar eystra; það er við Nesjavelli, við Ölfusvatn og Úlfljótuvatn. „Birkid er ríkjandi í allri okkar skógrækt fyrir austan fjall og eins hafa gulvíðir og loðvíðir spjarað sig vel,“ segir Kristinn sem telur engum ofsögum sagt að Grafningurinn hafi á síðustu árum öðlast algerlega nýjan svip, svo vel hafi tekist til með



Þeir stjórna uppgræðslu á vegum Orkuveitunnar: Gunnar Hjartarson, umhverfisverkfræðingur og Kristinn H. Þorsteinsson garðyrkjustjóri.

landgræðslu þar. Þá njóti þetta svæði mikilla og sívaxandi vinsælda þeirra sem upplifa vilja náttúru landsins og

sé þar nærtækast að nefna skipulagðar heimsóknir nema úr leik- og grunn-skólum borgarinnar.

FERÐAMENN

Tökum öll þátt í sjálfsagðri umhverfisvernd.

Hirðum um umhverfið hendum ekki verðmætum. Flestar drykkjarvöruumbúðir eru skilagjaldskildar.

Skilagjaldið, fæst endurgreitt við móttöku umbúðanna hjá Endurvinnslunni hf., eða hjá umboðsmönnum hennar um land allt.



ENDURVINNSLAN HF

VERTU FYRIRMYND MEÐ ÞVÍ AÐ FLOKKA OG SKILA



SÝNUM ÁBYRGA AFSTÖÐU Í UMHVERFISMÁLUM



Gróðurlendi í Skagafirði í framför með landbótastarfi bænda:

Fuglinn hafði ekki strá í nef

„Landkostir hér hafa tekið gríðarlega miklum framförum á undanförnum árum. Með því að setja hey í rofa-börð og stýra beitarálagi eftir ástandi á hverjum stað og tíma hefur mikill árangur náðst. Í raun má segja að þetta sé allt önnur jörð en sú sem ég hóf búskap á árið 1968, enda er uppskera af landinu orðin margfalt meiri en áður var,“ segir Hjálmar Guðjónsson, bóndi á Tunguhálsi í Skagafirði.

Hjálmar er einn hinna fjölmörgu sem taka þátt í verkefninu Bændur græða landið. Í krafti þess leggur Landgræðslan bændum til áburð, fræ og endurgjaldslausu ráðgjöf um hvernig best verði staðið að nýtingu lands og endurheimt fyrri landgæða.

Landbótastarfið í eðlinu

„Þegar ég hóf búskap var hér mikið

um ógróna mela, rofabörð og for-arfláka. Túnin hér á Tunguhálsi voru ekki nema 12 ha. og til að bjarga mér sótti ég slægjur fram í Svartárdal, hér ekki langt frá,“ segir Hjálmar sem telur það beinlínis búa í eðli hvers bónda að vilja sinna einhverskonar landbótastarfi

„Með mildari tíð seinni árin hefur maður orðið miklu áhugasamari um að sinna uppgræðslu landsins. Það má segja að hér hafi varla komið kalt vor síðan 1979.“

Á Tunguhálsi, sem er í hin-um forna Lýtingsstaðahreppi, reka Hjálmar og Þórey Helgadóttir kona hans kúabú, auk þess sem þau eru með allmikla hrossarækt og reka tamningastöð. Hrossabeitinni haga þau þannig að haginn sé aldrei bitinn niður í svörðinn og því er reynt að hafa allt beitarálagið í hófi.

Beitarþolið margfalt meira

„Frá því snemma á sumrin er ég með hrossin á beit í landi Merkigils, frammi í Austurdal. Þar er mjög gró-ið og vandalaust að vera með hrossin. Hér heima hef ég hvað beitina áhrær-ir kappkostað að fylgja þeim ráðlegg-ingum sem starfsmenn Landgræðsl-unnar hafa komið með og þær hafa gefist mjög vel. Allt þetta hefur skilað því að beitarþol jarðarinnar í dag er margfalt meira en áður var. Lítt grón-ir hagar, þar sem fuglinn hafði fyrir ekki mörgum árum vart strá í nef er nú orðinn ágætt beitarland sem jafn-ast á við bestu tún. Enda er gróður þar þéttur, góður og safaríkur,“ seg-ir Hjálmar og bætir við að hey, sem ekið er í ógróið land eða rofaborð, nýtist frábærlega við uppgræðslustarf. Það flýti fyrir allri gróðurframvindu, enda sjáist þess víða merki í landi Tunguháls.

„Landgræðslan hefur unnið gott starf og samvinna okkar bænda við stofnunina hefur verið ákaflega góð, svo ég tali nú fyrir mig,“ segir Hjálm-ar. „Hins vegar finnst mér miður hve mikil áhersla hefur verið lögð á að græða upprekstrarlönd bænda inni á hálendinu og þar nefni ég til dæmis Eyvindastaða- og Auðkúluheiðar, sem voru græddar upp samkvæmt samningum Landsvirkjunar við bændur í Húnavatnssýslum vegna Blönduvirkjunar. Að mínum dómi hefðu menn frekar átt að beina kröft-um sínum niður í byggð, eins og nú er gert í sívaxandi mæli.“



Alþjóðlegur dagur gegn eyðimerkurmyndun er 17. júní.

Vekja fólk til umhugsunar um alvarlegan vanda

Hinn 17. júní er alþjóðlegur dagur sem helgaður er baráttunni gegn eyðimerkurmyndun. Markmið hans er að vekja athygli á brýnni þörf fyr-ir að hindra myndun eyðimarka og hve alvarlegan vanda þurr landsvæði skapa.

Eyðimerkurmyndun er einn þáttur landrofs, sem er sumpart af mannavöldum. Atriði eins og ofrækt, ofbeit, eyðing skóga og lítil vökvun hafa breytt áður frjósömum jarðvegi í hrjóstrug landsvæði. Það hefur síðan haft miklar efnahags- og samfélags-legar afleiðingar í för með sér og get-

ur leitt til fátæktar; þvingað íbúa til búferlaflutninga og átaka.

Annar tilstuðlandi þáttur eru veð-urfarsbreytingar. Afgerandi veðurfars-breytingar eins og flóð og þurrkar hafa orðið tíðari og haft alvarlegri afleiðingar en áður þekktist. Mikl-ir þurrkar bætast oft við viðvarandi vanda eyðimerkurmyndunar. Tveir þriðju af því fólk sem býr við fátækt í heiminum býr á þessum land-svæðum. Það líður mest fyrir þessa tvöföldu vá þegar það reynir að hafa lífsviðurværi sitt af landinu.



Fara þarf gætilega við hrossabeit, svo landkostir skaðist ekki.



Landsnet styrktir uppgræðslu í nágrenni Hlöðufells og á Haukadsheiði í kjölfar lagningu Sultartangalínu 3:

Opnar fólki kynjaveröld

Landsnet hf., sem á og rekur flutningskerfi raforku í landinu, leggur mikla áherslu á umhverfismál í starfi sínu og hefur m.a. haft frumkvæði að samvinnu við Landgræðslu ríkisins varðandi uppgræðslu og endurheimt landgæða sunnan Langjökuls og á Haukadsheiði í Biskups-tungum. Það er krefjandi og erfitt verkefni því á báðum stöðum hefur uppblástur og gróðureyðing verið mikið vandamál.

Í tengslum við lagningu Sult-

artangalínu 3 ákveð Landsnet að verja 10 milljónum króna árið 2006 til uppgræðslu í næsta nágrenni línu-leiðarinnar. Þessi lína liggur þvert yfir Árnessýslu, meðfram hálendisbrúnni sunnan jökla, frá aflstöðinni í Sultartanga að Brennimef í Hvalfirði, og var hún að mestu reist samhliða Sultartangalínu 1. Á byggingartíma línunnar var gerður línuvegur meðfram henni, sem nú er orðinn einn fjölfarnasti hálendisvegur landsins. Hann hefur opnað fólki sýn á hina

mögnuðu kynjaveröld þessa svæðis, þar sem eru náttúruvætti eins og Jarlhettur, Hlöðufell og Hlöðuvellir, Lambahraun, Skjaldbreið og fleira.

Forðum grasi vaxið

„Stór hluti þess svæðis sem línan liggur um hefur orðið illa úti vegna uppblásturs. Svæðið hefur verið mikið uppspretta sandburðar undanfarna áratugi samfara því að jöklar hopa. Gömul örnefni sunnan Langjökuls benda þó til að forðum hafi þetta svæðið verið grasi vaxið,“ segir Þórður Guðmundsson forstjóri Landsnets.

Farsælt samstarf við Landgræðsluna

Landsnet gekk til samstarfs við Landgræðslu ríkisins um faglega ráðgjöf og framkvæmd verksins. „Þetta samstarf hefur reynst farsælt. Verkefnið var kynnt fyrir sveitarstjórn Bláskóga byggðar á vordögum í fyrra og var vel tekið. Samstarf Landgræðslunnar og Landsnets er á þann veg að Landsnet leggur til upphafs fjármagn til áburðar- og frædreifingar á völdum svæðum og Landgræðslan sér um faglega hlið verkefnisins og ábyrgist einnig nauðsynlega eftirfylgni, áburðargjöf og fleira sem þarf til að tryggja sem allra bestan árangur,“ segir Þórður Guðmundsson.

Unnið var að uppgræðslu á Haukadsheiðinni í fyrra og unnið á þremur meginsvæðum: Í nágrenni



„Árangurinn af þessu starfi hefur verið mjög góður,“ segir Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets.

Tjaldafells, norðaustan Skjaldbreiðar, þar sem á sér stað mikil jarðvegseyðing var unnið að sáningu í rofabörð og 20 ha. svæði út frá þeim. Við Hlöðuvelli og önnur svæði sunnan og vestan Skjaldbreiðar var sáð í 75 ha. af rofabörðum og öðrum svæðum sem voru að blása upp. Þriðja svæðið sem lögð var áhersla á var Haukadsheiði, þar sem var unnið á samtals um 370 ha. lands. Annars vegar var melgresi sáð í um 30 hektara til að hefta sandfok frá Sandvatni sem ógnaði gróðri á svæðinu og hins vegar var unnið að því að styrkja rýran gróður á um 340 ha. til að stuðla að varanlegri verndun gróðurs á eyðingarsvæðum.

Metnaðarfull stefna

„Árangurinn af þessu starfi, þá einkanlega á Haukadsheiðinni, hefur verið mjög góður,“ segir Þórður Guð-

mundsson. Fræbankar sem enn lúrdú í jörðu nýttu tækifærið og styrktu sig í landnáminu og upp úr jörðinni gæðust ýmis grös, svo sem grávíðir og smjörgras. Í ljósi þess hefur Landsnet ákveðið að halda áfram að styrkja uppgræðslu á svæðinu sunnan Langjökuls næstu árin í samstarfi við Landgræðsluna. Vonir standa til að þessi samvinna muni skila áfram góðum árangri í að styrkja landnám gróðurþekju á svæðinu.

„Í tengslum við byggingu Fljótsdalslína 3 og 4 höfum við einnig ákveðið að styrka landbótaverkefni á Austurlandi en ekki liggur fyrir á þessum tímapunkti hvar og hvert við beinum kröfum okkar. Ég tel þetta skýran vitnisburð um metnaðarfulla stefnu okkar í umhverfismálum – og sýna að við erum góðir grannar,“ segir Þórður Guðmundsson að lokum.



Á Haukadsheiði, en þar hefur Landsnet styrkt uppgræðslu landsins.

Kvittum fyrir kolefnið

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!

Íslandspóstur með ný frímerki:

Frímerki helgað aldarafmæli Landgræðslunnar

Á dögunum gaf Íslandspóstur út frímerki í tilefni 100 ára frá stofnun Landgræðslu ríkisins. Frímerk-ið er gefið út bæði sem hefðbundið frímerki í tíu merkja örk og sem sjálfímandi merki í hefti með 50 frímerkjum. Það var Guðjón Magnússon, sviðsstjóri almannatengsla-sviðs Landgræðslunnar sem veittu fyrstu frímerkjunum viðtöku úr hendi Ingimundar Sigurpálssonar, forstjóra Íslandspósts við hátíðlega athöfn sem efnt var til í höfuðstöðv-um fyrirtækisins.

Landgræðslufrímerkin bera áletr-



Myndefnið er melgresi í sandauðn.

unina Bréf 20 g innanlands sem jafn-gildir 60 kr. verðgildi. Slík áletrun lengir líftíma frímerkja á markaði

þar sem þau eru alltaf í samræmi við gildandi gjaldskrá. „Frímerki sem merkt eru á venjubundinn hátt fylgja verðskrá okkar nokkuð vel en um leið og burðargjald hækkar þarf við-skiptavinurinn að nota fleiri merki. Frímerki með áletruninni Bréf 20 g innanlands bæta úr þessu,“ segir Vil-hjálmur Sigurðsson, forstöðumaður frímerkjadeildar Íslandspósts.

Það var Ólafur Pétursson grafisk-ur hönnuður sem hannaði frímerkið góða sem tileinkað er Landgræðsl-unni. Þetta var þriðja frímerkjaútgáfa ársins hjá Íslandspósti.



Af nægu að taka. Addi segir að þótt búið sé að stöðva sandfokið inn í landið sé mikið eftir.

Addi á Hóli kveður gefandi starf:

Búinn að skila sínu

Guðmar Ragnarsson, eða Addi kenndur við Hól í Hjaltastaða-þinghá, er landgræðsluvörður á Austurlandi. Hann þekkir m.a. gjörla sögu uppgræðslu á Héraðs-sandi og baráttuna við sandfokið en þarna eru um 6900 hektarar innan landgræðslugirðingar.

Addi má vera stoltur af árangr-inum sem náðst hefur í uppgræðsl-unni. „Já, hann er mjög góður. Það þekkja þeir best sem vissu hvern-ig landið leit út áður en farið var að vinna þarna. Það erfitt að sýna ókunnugum samanburðinn því það eru til fáar myndir frá gamalli tíð. Við erum búin með það nauðsynleg-asta, það er að stöðva sandfokið inn á landið en það er mikið eftir.“

Það er blés ekki byrlega í fyrstu. „Ég sáði með sánigarvél og það viðr-aði illa, rok og fárviðri, og ég þurfti jafnvel að sá aftur, þrisvar eða fjórum sinnum. En það tókst að loka þessu.“

Margir undrast árangurinn

Addi var á leiðinni út á sand þeg-ar blaðamaður náði tali af honum. „Sumir segja að það þýði ekkert að vera að standa í þessu, sjórinn taki þetta vegna áhrifa Kárahnjúkavirkj-unar,“ segir hann og brosir. “Ástæðan

fyrir því að ég er að vinna þarna núna er sú að ég er að dreifa áburði alveg út við sjó til þess að reyna að fá fræ. Fyrstu árin eftir að uppgræðslan var í gangi var mikið fræ á svæðinu og slegið í nokkur ár. Þetta var besta fræ sem menn höfðu yfirleitt séð, einmitt á þessu svæði.“

Addi segir skilning manna á upp-græðslunni mikinn. „Sumir sem hafa skoðað svæðið og þekkja til undrast breytinguna.“ Hann vill taka fram að svæðið er viðkvæmt fyrir umferð ökutækja. „Sérstaklega þegar blautt er á vorin. Þá er sandurinn svo laus og þetta þolir ekki neitt. En menn hafa að mestu látið svæðið í friði. Ég þakka fyrir þann skilning sem menn sýna þessu yfirleitt.“

Síðasta vikan

Verkefni Adda hafa verið ærin og hann er búinn að skila miklu og góðu starfi. En hvað er framundan hjá honum. „Ég er kominn á þann aldur að ég ætti ekkert að vera í þessu leng-ur en ég slepp ekkert út úr þessu,“ segir hann og hlær. „Nei, líklega er þetta orðið gott hjá mér og ég reikna með að þetta sé síðasta vikan mín og ég láti öðrum eftir framhaldið.“

Ferðapjónusta bænda

GISTING OG AÞPREYING UM ALLT LAND
4000 GISTIRÝMI Á UM 150 BÆJUM

BÆKLINGURINN ER KOMINN ÚT!

Bæklingur Ferðapjónustu bænda er fáanlegur á þjónustustöðvum N1, upplýsingamiðstöðvum, skrifstofu Ferðapjónustu bænda og hjá bændum.

www.sveit.is

sími: 570 2700
Síðumúla 2, 108 Reykjavík

Sendum starfsfólki Landgræðslunnar árnaðaróskir í tilefni aldarafmælis

75 ára |

Vélhjólamenn taka til hendi og bæta land á Sandskeiði:

Hálfnað verk þá hafið er

Vélhjólamenn, sem fyrir nokkrum misserum fengu svæðið efst á Sandskeiði til ráðstöfunar, hafa gert gangskör í umhverfismálum. Í Bolöldu, gengt Litlu kaffistofunni, hafa þeir markað brautir fyrir torfæruakstur, jafnað flög, tyrft og sáð grasfræi á ógróna mela. Óhætt er því að segja, að svæði þetta hafi öðlast nýjan svip.

„Við í Vélhjólaþróttaklúbbnum höfðum lengi leitað að svæði fyrir torfæruakstur. Satt að segja vorum við komnir í ákveðið öngstræti, við máttum í raun hvergi vera. Menn voru á einum stað í dag og öðrum á morgun, hróktust undan landeigendum og lögreglu. Á vorin komu alltaf reglulegar fréttir um gróðurskemmdir af völdum vélhjólamanna, til dæmis á Reykjanesi og Hengilsvæðinu. Eftir að við fengum þetta svæði til afnota hafa hins vegar engar svona fréttir birst, sem gefur vísbendingar um að vandamálið hafi verið leyst,“ segir Hrafnkell Sigtryggsson, annar tveggja ábyrgðarmanna svæðisins í Bolöldu.

Um gil, skorninga og brekkur

Bolalda er á óskiptu svæði innan marka Sveitarfélagsins Ölfuss. Vélhjólamenn gengu til samninga við forystumenn Ölfusinga síðla sumars 2005 og héldu torfærukeppni þar strax um haustið. Á vormánuðum í fyrra var svo tekið til óspilltra málanna og svæðinu komið í gott horf. „Héðan voru flutt í burt gömul bílhræ og allskonar drasl, með jarðýtum voru gryfjur og skorningar jafnaðir og hingað ekið miklu af mold



Tökum saman höndum. Félagar í Vélhjólaþróttaklúbbnum hafa í sjálfbóðaliðsstarfi unnið að því að bæta land í Bolöldu.

og hrossaskít. Með þessu öðlaðist Bolalda algjörlega nýjan svip og þó erum við hvergi nærri hættir,“ segir Hjörtur L. Jónsson umsjónarmaður svæðisins.

Útbúnar hafa verið í Bolöldu brautir, bæði til mótorkross- og torfæruaksturs, aukinheldur sem þaðan liggja slóðar um Svínahraun og Jós-epsdal, um 50 km. samanlagt. „Þessar brautir, sem liggja um gil, skorninga, brekkur og bugður, eru vel afmarkaðar. Þegar svo er leggja menn ekki í fyrirstöðurnar,“ segir Hrafnkell sem, líkt og Hjörtur, leggur mikla áherslu á góða umgengni um svæðið.

„Þetta er íþróttasvæði og menn eiga ekki að fara öðruvísi fram hér en til dæmis KR-ingar gera í Frostaskjólínu.“

Gras í rofabörðin

Þegar Vélhjólaþróttaklúbburinn og Sveitarfélagið Ölfus sömdu um afnot hinna fyrrnefndu af Bolöldusvæðinu

var búið svo um hnútana að klúbburinn skyldi leggja rækt við svæðið. Þar hefur hvers konar uppgræðsla verið veigamikill þáttur og í því sambandi hefur klúbburinn fengið góðan stuðning frá Landgræðslunni.

„Við fengum nýlega 400 þús. kr. framlag úr svonefndum Landbóta-sjóði sem Landgræðslan hefur yfir að



Vélhjólamenn bæta landið. Hjörtur L. Jónsson og Hrafnkell Sigtryggsson.

ráða. Með þeim stuðningi kaupum við 200 kg. af grasfræi og í það verk fáum við krakka úr vinnuhópum Kópavogsbæjar og Landsvirkjunar. Þá erum við einnig í góðu samstarfi við samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs. Framkvæmdastjóri þeirra, Björn Guðbrandur Jónsson, er til dæmis mjög áfram um að setja

sláttuvélagras í rofabörðin hér, telur slíkt vera mjög góða leið til að græða svæðið upp. Ég hef sagt að fyrir hvern fermetra af gróðri sem hér kann að glatast vilji ég endurheimta aðra tíu í staðinn. Slíkt er í raun bráðnauðsynlegt. Það er því róttækra aðgerða þörf og hálfnað vek þá hafið er,“ segir Hjörtur L. Jónsson.

Landgræðsla á Reykjanesi:

Uppgræðsla á slóðum Eastwood

Hluti kvikmyndarinnar Fánar feðranna sem Clint Eastwood leikstýrði og sýnd var í íslenskum bíóhúsum á liðnum vetri var tekin upp í Sandvík á Reykjanesi. Myndin fjallar um innrás Bandaríkjamanna á Kyrrahafseyjuna Iwo Jima í seinni heimsstyrjöldinni. Alls komu um 900 manns að þessu mikla kvikmyndaverkefni sem

stóð í fimm vikur.

Háværar raddir heyrðust þegar myndin var tekin upp að kvikmynda-tökufólkið myndi spilla náttúrunni, en einnig þurfti að slétta nokkra melhóla fyrir kvikmyndatökuna og byggja upp brattann kamb frá fjörunni á kafla. Við þessa vinnu fylgdi Truenorth kvikmyndafyrirtækið, sem

var bakhjarl Clint Eastwood við töku myndanna, í hvívetna eftir þeim kröfum sem Landgræðslan gerði, og að loknum tókum var svæðið lagað til. Fyrirtækið samdi við Landgræðsluna um að sá melgresi og bera tilbúinn áburð á svæði sem höfðu raskast og er þeirri vinnu nú lokið.

Girðingaeefni í miklu úrvali!


Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu ráðleggingar ogleða tilboð í stærri verk



JARDA skrautnet



TRADY skrautnet
Plasthúðað og galvanhúðað skrautnet í garðinn í miklu úrvali



Rörahlið, stækkanleg frá 1 upp í 4 metra, einnig fáanlegar fastar stærðir



RYLOCK er hágæða græn-galvaníserað túngirðinganet í 100 og 300 m rúllum. Einnig bjóðum við upp á spænsku netin frá MOREDA.

Rafstöðvar og rafgirðingaeefni fyrir kröfuharða



Þeir eru allir grænir!

Volkswagen á Íslandi tekur forystu í umhverfismálum



HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár

Volkswagen verður fyrsta kolefnisjafnaða bílategundin á Íslandi. Það er vel við hæfi, enda hefur Volkswagen verið í fremstu röð í þróun og hönnun umhverfisvænni bílvéla. Má þar nefna TDI-dísilvélar, TSI- og FSI-bensínvélar, notkun metans sem aðalorkugjafa og hina byltingarkenndu BlueMotion-bíla sem eru væntanlegir.

Með því að velja Volkswagen tekur þú þátt í einhverju metnaðarfyllsta umhverfisverkefni sem íslenskt fyrirtæki hefur ráðist í og leggur þannig þitt af mörkum til verndunar umhverfisins.

Grænir bílar – kolefnisjafnaður akstur



Aus Liebe zum Automobil



Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi